E[illegible]ani.

4240

M-A-M-G. HSk. 532, 4to

# „Má-n-i.“

1 tölubl. 9 árg. —————— 5 janúar 1930.

---

Útgefandi u. m. f. „Von“

---

Ritnefnd: { Hannes Hannesson Melbreið
Steinn Jónsson Hvanng
Páll Sigurðsson.

---

„Máni“ óskar ykkur öllum árgæðar og blessunar.

— u —

Hugleiðing. Með þessu blaði byrjar „Máni“ 9 árganginn. Þykir þá hlíða að líta yfir farinn veg, ef af því mætti marka hvort halda á í sama horfinu eða brjóta nýjar leiðir „Mána“ til vaxtar og viðgangs.

Þegar „Máni“ hóf göngu sína, var það skipulag haft um útgáfu hans, að þriggja manna nefnd skyldi útbúa hann á hvern fund. Svo var þessi nefnd, að einhverju leiti yngd upp við útkomu hvers blaðs.

Þessi tilhögun stóð óbreytt þar til 19 febrúar 1928. Þá var samþykt að ritari fjelagsins „Von“ skyldi vera ritstjóri blaðsins. Skipulagið með ritnefnd blaðsins stóð eftir sem áður óbreytt. Í fljótu bragði virðist svo, að þessi breyting hefði átt að verða töluverður styrkur fyrir blaðið, þar sem því bættist einn maður auk ritnefndar. En reynslan virðist sýna að ritnefndirnar dragi af sjer, síðan breytingin komst á. Þær kasta áhyggjum sínum of mikið á ritstjórann. Þetta kæmi ekki að sök væri sá maður ritstjóri, sem ópreytandi væri að skrifa í blaðið, svo að hann gæti altaf bætt upp getuleysi eða vanrækslu ritnefnda. Geti hann það ekki, eru töluverðar líkur til að blaðið komi sjaldnar út en meðan nefndirnar höfðu alfarið ábyrgð á því.

Með breytingunni átti það að vinnast, að blaðið yrði jafn betur úr garði gert, en verið hafði. Hafi þetta áunnist, er þó líklegt að eins mikið hafi tapast. Nú skellur skuldin ekki beint á ritnefndinni þó blaðið komi ekki út, heldur meir á ritstjóranum. Þetta dregur úr að haldi því, sem nefnin hafði áður og keppni um að koma blaðinu frá sjer sem fyrst og sem fjölbreyttustu.

Nú í vetur hefur fjelagið „Von" haldið 2 fundi,
og „Máni" hefur ekki komið út.
Hvort er um að kenna ritnefnd eða ritstjóra?
Og ætli það hefði verið eins ef eldra skipulagið
hefði verið í gyldi? Eða stafar þetta af því
að okkar fámenna fjelag geti ekki gefið blaðið
út eins oft og til er ætlast?
Allir aðstandendur „Mána" munu óska þess. að
hann geti framvegis komið á hvern fund sem
hjartastur og blómlegastur. Til þess að það geti
orðið, með þessu skipulagi, er að minsta kosti
eitt víst, að það verður að skifta um ritstjóra.

Ritstjórinn

## Hornsteinn landbúnaðarins.

„Traustir skulu hornsteinar hárra sala."
Þessi orð eru áþreyfanleg reynsla. Því vanda
skal í byrjun til þeirra fyrirtækja, sem eiga að
starfa eftir tilganginum, og sem traustust skal
undirstaða allra framkvæmda. Því raskist undir-
lagið, er hætt við að yfirbyggingin vilji hallast.
Og því varðar mest til orða og verka að undir-
staðan rjett sje fundin. Í ca. 8 aldir var land-
búnaðurinn aðalatvinnuvegur heillar þjóðar —
íslensku þjóðarinnar. Lífsstarf hjerumbil hvers
einasta einstaklings í heilu þjóðfjelagi var land-
búnaður. Þetta hefur mjög breyst. En enn í dag
má segja að 40-50 þúsundir manna eigi fjöregg
sitt undir hjartarótum íslensku sveitanna og
dalanna. Enn í dag leita þessar þúsundir sjer
skjóls „inn milli fjallanna."
Á blómskrýddum bölum og í berjalautum unir sjer
kvikfjenaður Íslands. Og í algrónum túnum og gras-
gefnum engjum liggur hulinn hornsteinninn, sem
velmegun og öryggi landbúnaðarins hvílir á.
Þegar um það ræðir hvað það sje, sem landbún-
aðurinn byggist á, getur þar vitanlega margt
komið til greina. Skal nú örlítið drepið á það
helsta. Má þar til nefna:
Vegina. Vegir eftir sveitunum skapa fjölbreytni í
samgöngum og ryðja götu nýjum straumum
inn í sveitirnar. Vegirnir veita bóndanum alt
ljettara og ódýrara, þegar hann flytur afurðir sínar
á markaðinn og nauðsynjar sínar þaðan heim aftur.
Vegirnir eru samkölluð líftaug sveitanna. Vega-
kerfi landsins er líkt og æðakerfi, sem greinist

um allan líkama dýrsins; eins þurfa vefirnir að mynda kerfi, sem nær að túnfæti hvers einasta býlis. Þá er því markmiði náð.

Ræktunin er eitt af aðal skilyrðum þess að bændur þoli samkepni við annan iðnað. Ræktunin skapar aukinn arð. Fjölbreytnara afl notast til vinnunnar, sameinað vjela, hesta og mannsafli. Ræktunin gefur meiri tekjur, en heimtar minna afl. Þess utan ber hún vott um menningu og rjettan skilning á starfinu; því eitt af höfuð málum landbúnaðarins í öllum löndum, er ræktunin. Og á því sviði eiga Íslendingar enn þá ódæma verk eftir óunnið, sem bíður komandi kynslóða og nýrra tíma

Kynbætur. búpening er mjög mikilsvert atriði og þess vert að bændur hugsi meira um en alment gerist. Þó hinsvegar sje ekki hægt að neita því að mjög er sú hugsun að skýrast og dreyfast út um sveitirnar, að nauðsynlegt sje að vanda val og meðferð skepnanna. Enda sjest þess ljós vottur víða. Meðferð hefur stórum batnað og þá um leið beint og óbeint, frikkað útlit skepnanna og arður af þeim aukist. En fullur árangur næst aldrei nema með samstiltum kröftum og skilningi á kynbótum

En kynbótafræðin er sú fræðigrein, sem vísindamenn nútímans hafa enn ekki krufið til mergjar; og ætt og arfgengisfræðin er sú fræðigrein, sem enn er lítt þekt meðal almennings. Á því sviði ráða gömul hindurvitni og bjargföst hjátrú liðinna alda. En á meðan almenningur kynnist ekki neitt arfgengis og kynbótafræðinni, þá, á meðan fæst aldrei festa eða fullur árangur í kynbótum búpenings. Enda reynslan sú að vafi er lagður á orð þeirra manna sem ef til vill vita eitthvað meira en aðrir. Vitanlega getur þeim oft og einatt skjöplast, því að öllum getur yfirsjest.

En það eitt verða bændur að hafa hugfast, ætli þeir að fá sameinaða kosti í búpening sinn, þá fæst það ekki nema með þekkingu, og helst samtökum. Og annað skilyrðið er — að til þess að kostirnir njóti sín, þarf meðferðin að vera góð. Það þýðir ekkert fyrir bændur að vanda val búfjárs síns, nema því að eins að þeir fari svo vel með það, að kostirnir njóti sín. Góðir kostir geta hæglega falist undir illri meðferð. Og í kynbótastefnunni er meðferðin ekki minni spurning en valið.

Samtök og samvinna bænda í sem flestum málum og í flestum framkvæmdum er

menningarmál, sem horfir fram á nýja tíma, og skapar kynningu og þroska í viðskifta baráttu bóndans.

Jeg hef nú lítillega minst á nokkur helstu atriðin, sem íslenski landbúnaðurinn hvílir á. En jeg hef enn ekki nefnt það aðalatriði, sem mestu máli skiftir og jeg kalla hornstein landbúnaðarins. Þessi hornsteinn er heyið. Jeg segi hyklaust heyið því afkoma bændanna hvílir altaf á heyjunum. Heyin eru það fjöregg, sem allar greinir landbúnaðarins eiga rætur sínar í.

Þetta má sanna á margan hátt. Fjöldinn af bændum lifir af þeim afurðum, sem búpeningurinn gefur honum. En í flestum og öllum sveitum landsins eru heyin að meira eða minna leiti eina örþrifa bjargráðið, þegar óblíða náttúruaflanna banna öll gæði. Það sama kemur út þó bóndinn taki tekjur sínar í mjólkursölu eða beinlínis í heysölu.

Í árferðis annálum Íslands lesum við um góða vetra — ágæta vetra. Við lesum líka vonda vetra — aftaka harða vetra. Og þá urðu heyin vogarlóðið, sem öll þjóðin mundi til og öll hennar velferð hvíldi á. Þá dugðu ekki einusinni peningar ef heyin voru ekki til. Búpeningur fjell þá hrönnum saman og hópar flakkandi manna ráfuðu um landið — manna sem flosnað höfðu upp. Þessi saga hefur endurtekið sig gegnum aldirnar, frá landnámstíð og fram á þessa öld. Og það sem einu sinni hefur komið fyrir getur maður búist við að endurtaki sig.

Ónóg trygging búfjárins hefur gert víðar geilar í hörmungarsögu íslensku þjóðarinnar; og er undarlegt hvað slíkar sögur eru fljótar að gleymast þegar góðu árin koma.

Það var þó snemma byrjað, af hyggnum mönnum, að hlutast til um ásetning manna. Í Blundketilssögu er sagt frá því, að Blundketill sagði landsetum sínum, hve mikið þeir mættu setja á hey sín, sem voru lítil undan vondu sumri. Hvað hann ekki vel mundi gefast ef útaf væri brugðið.

En fyrir miðan vetur fóru landssetar hans að koma heim til hans, hver af öðrum; voru þeir þá heylausir. Furðaði Blundketill sig á þessu og spurði þá hvað ylli. Kom þá upp að þeir höfðu ekki fylgt ráðum hans. Bjargaði Ketill meðan hann mátti. En tók að síðustu, undir vorið, hey af Hænsna Þóri, sem nóg hey átti, en vildi ekki selja. Lauk svo

þessu máli að frændur var Blundketill inni, hinn ágætasti maður.

Jeg hefi sett þetta dæmi til þess að sýna, hve langt það getur gengið að treysta á náttúrugæði vetrarins, og hjálp annara. Þessi saga er ekki einsdæmi. Hún er aðeins sýnishorn þess sem gjörst hefur síðan hvað eftir annað. Að bændur hafa sett bústofn sinn í voða með því að treysta um of á „Guð og gaddinn" eins og komist er að orði.

Síðan kaupstaðirnir mynduðust, hefur tíðkast heysala úr sveitunum til kaupstaðanna.

Bæjamenn, sem margir eiga kýr kindur og hross, þurfa að kaupa fóður í sveitunum. Og altaf fjölgar þessum heyþurfendum, og altaf vex það heymagn, sem burtu er flutt úr sveitunum. Og hljóta til þess að liggja einhver þessara þriggja ástæðna eða þá allar.

I Að framleitt sje altaf meira og meira af heyjum í landinu.

II Að bústofninn minki og bændur geti þessvegna selt heyin sín. Og þriðja; að þeir selji meira en svo að bústofn þeirra sje tryggur ef hart kemur. Eitt atriði mætti ef til vill nefna enn, í þessu sambandi, og sem er fóðurbætirs notkunin, sem altaf fer í vöxt.

Það sýnist ekki, á flestum þeim mönnum, sem selja hvað mest af heyjum, að það muni vera neinn gróðavegur. Bústofn þeirra er lítill og þeim alla jafnan hættast ef hart fer. Það háskalegasta er, þegar bændur lofa heyjum sínum á sumrin; vitandi ekki hvernig þeir heyja og hvernig vetri þeir þurfa að mæta.

Flestir segja að skaði sje að fyrna heyin sín. Það sje eign sem engar rentur gefi. Og þessvegna sje sjálfsagt að selja það sem ekki eyðist í búpeninginn þennan og þennan vetur. Þetta getur að vísu verið satt; en þeir gáfu heldur ekki rentur, dalirnir hjá gömlu bændunum sem þeir söfnuðu í handraðann. En þeir voru þar til taks ef á þurfti að halda, og gátu á augabragði, gefið margfaldan ávöxt. Og jeg held að það sje ekki svo mikill beinn skaði að eiga ársgömul hey. Sje vel um þau búið þurfa þau ekki að láta sig mikið. Eitt er víst að það hefur hvergi heyrst í sögunni að sá maður hafi flosnað upp, sem hafði nóga tryggingu fyrir bústofn sinn. Bóndinn sem altaf hefur nóg hey, hefur undantekningar laust nóg af flest öllu öðru.

Þó flestir telji ef til vill heysöluna rjettmæta, þá tel jeg hana, undir flestum kringumstæðum, rjettlausa. Og það eitt er ábyggilegt, að heysalan verður frekar til þess, að halda aftur af framgangi landbúnaðarins

en hin verði byr sem knýr hann áfram.

Bændur ættu að hafa það hugfast, að þegar þeir selja heyin sín, svo að bústofn þeirra er í hættu staddur; þá hafa þeir brotið fjöreggið sitt. Og jeg get ímyndað mjer, að bóndanum líði als ekki vel, þegar hann sjer bústofn sinn í hættu staddan, ekki síst sje það sjálfsskaparvíti.

Jeg læt nú hjer staðar numið um undirstöður og hornstein landbúnaðarins. Jeg býst við að mönnum finnist jeg ekki, í þessum fáu orðum, hafa farið leið fjöldans. En samt ætla jeg að hætta á það, að biðja „Mána" að geyma þessa mola, þó þeir verði ekki í fullu samræmi við skoðanir fjöldans

Páll Sigurðsson.
frá Lundi.

## Er svefninn ósiður?

Svefninn er eitt af undarlegustu hlutum mannlegs lífs, þótt fæstir máske hugsi um það, svo hversdagslegt og jafnvel sjálfsagt þykir þetta ástand. Kringum þriðjung hinnar stuttu starfsæfi mannsins er eytt í svefni. Nýræður öldungur hefur legið kringum 30 ár sofandi í rúmi sínu.

Ég hefi lesið um nauðsyn svefnsins, og sumir álíta að fólk yfirleitt sofi of mikið, og aðrir of lítið. En þó mun flestum finnast svefninn sætur og hvíldin góð. En þrátoganir um þetta í heiminum. Og það hefur verið talað um að útrýma svefninum, mig minnir, í Ameríku. Mönnum finst þeir ekki geta sætt sig við að liggja meðvitundarlausir og hreyfingarlausir næstum þri þriðjung sólarhringsins. Svefninn þekkist svo að segja hjá öllum lifandi verum, og það einnig hjá plöntum. Það er reynsla að svefnleysi hefur ýmiskonar truflandi og jafnvel hættuleg áhrif á líf og heilsu manna.

Það er metið að börn þurfi 9-11 stunda svefn á sólarhring, en fullorðið fólk 7-8 stunda svefn. Til eru dæmi að maður hefur haldið sjer vakandi 114 stundir samfleytt, en það hafði í för með sjer

höfuðverk, tangaveiklun og óskýran talanda.

Litt finst mjer undarlegt við svefninn, og það er að sum líffæri starfa jafnt í svefni sem vöku t.d. hjartað og andardráttar líffærin, og svo svitna menn ítuglega í svefni. Það er því ekki sjáanlegt að sum líffæri þarfnist neinnar hvíldar úr því að þau starfa jafnt í svefni og vöku. Annað er líka merkilegt, að vilji mannsins getur mjög ráðið yfir svefninum. Menn geta oft ráðið við hvað þeir sofa lengi, og menn geta með æfingu vaknað þegar þeir vilja. Menn geta vanið sig á að sofa í miklum hávaða, og menn geta líka vaknað við minsta hljóð. Allar mæður þekkja þetta. Þær geta sofið við vagnskröltt, barsmíðar og garg, en vakna tafarlaust við minsta hljóð barnsins sins.

Finst ykkur svefninn vera óvani? Mjer finst hann vera það ástand, sem við ekki getum losnað við. En gott þætti okkur, að líkindum, ef við losnuðum alveg við svefninn, og værum að engu leiti ver á vegi staddir, en við erum nú. Þetta eru vísindi, sem eiga eftir að ryðja sjer til rúms og þess verð að þeim sje gaumur gefin í framtíðinni.

Ritað í nóvember 1923.

[illegible] Jónsson.

# S-k-r-í-t-l-u-r.

(Tveir menn að tala saman í síma)

A: „Hefur verið mikið fiskiri heima"?

B.: „Já, takk, það eru allir frískir.

A.: „Allir fullir!" — Það er ágætt.

— „ —

Stórgróðamaður á stríðstímunum:

„Svei-svei, liggur þá ekki fimmkróna seðill hjerna innan um peningana.

— „ —

Gömul kona (úr afdölum) kemur í fyrsta sinn til sjávar í óveðri: „Já, guð hjálpi öllum, sem eru á sjó í roki og óveðri og ekki hafa nokkurn bát.

— „ —

Láki gamli: „Þegar jeg byrjaði búskap, átti jeg ekki pott að elda í, ekki skeið að eta með, en forsjónin, sem öllu stýrir, hafði líka sjeð fyrir því, að jeg ætti ekki heldur neitt til að elda."

— „ —

Prófasturinn áminnir Láka gamla um að leggja af blót og formælingar og helgidagavinnu, og minnir hann á net, sem hann hafði lofað að ríða fyrir hann.

Láki (lofar bót og betrun): En netið er ekki

til enn, prófastur góður, því jeg hefi haft, svei mjer, svo mikið að gera, en bráðum koma jólin og allir ólukkans "Helgidagarnir, og þá geri jeg ekki annað þarfara en að hjúka við netið."

— „ —

A.: „Ekkert er auðveldara en að græða peninga; jeg þekki að minsta kosti þúsund ólíkar leiðir til þess."

B.: „Já, en einungis ein leið er heiðarleg."

A.: „Hver er það?"

B.: „Já, grunaði ekki Gvend, að þú þekktir hana ekki!"

— „ —

Búnaðarskemarinn: „Komdu hingað, þá skal jeg sýna þjer, hvernig á að mjólka kú."
Lærisveininum: „Væri ekki betra að jeg byrjaði á kálfi."

— „ —

Maðurinn: „Hvað sagði læknirinn við þig?"
Konan: „Hann bað um að mega sjá tunguna í mjer."
Maðurinn: „Og hvað sagði hann þá?"
Konan: „At tungan væri ofreynd."
Maðurinn: „Þessi læknir veit, hvað hann syngur, jeg ráðlegg þjer líka að hvíla hana dálítið."

(Skrítlur þessar eru flestar teknar úr Þjóðvinafjel. almanaki.)

## Ritað upp eftir minni

Einu sinni var Karl nokkur á ferð og mætti sankti Pjetri. Kom svo tali þeirra að Pjetur gaf honum þrjár óskir.

Karl hugsar sig nú vel um, og kvaðst svo vilja, að hann ætti það af brennivíni, sem hann gæti drukkið, meðan hann lifði.

„Þjer er það veitt", segir Pjetur.

„Hvers óskar þú þjer næst?"

Karl er fljótur til og segist vilja, að hann ætti það af tóbaki, sem hann þyrfti, meðan hann lifði."

„Þjer er það veitt," segir Pjetur.

„En nú er eftir ein óskin.

Og hvers viltu nú óska þjer."

Karl hugsar nú leggi lengi og veltir vöngum. Loksins kemur hann fast að Pjetri og hvíslar í eyrað á honum: „Ekki vænti jeg að þú getir látið mig fá svolítið meira brennivín?"

---

Ritstjóri: Jóhann Guðmundsson.

# „Máni.“

2 tölubl. 9 árg. —— 2 febrúar 1920

Útgefandi u. m. f. „Von“

Ritnefd: { Hannes Hannesson
Steinn Jónsson
Jón Gunnlaugsson.

## Annáll Holtshrepps 1919.

Vetur frá nýjári var svo góður, að menn muna ekki annan eins, sífeldar þíður og snjóleysi, svo vandræði voru að koma að sjer þunga vöru, sem þurfti að flytja á sleðum. Til dæmis var Miklavatn ófært 10 janúar, en fraus þó aftur, en á því varð þó aldrei traustur ís. Ár voru ~~þó~~ næstum því auðar allan veturinn. Þó ís kæmi á þær stóð hann ekki við, og mátti furðulegt heita að ekki hlaust slisni af þegar menn voru að aka yfir þær, enda stóð oft tæpt. 10 mars er Miklavatn aftur orðið ófært og lagði ekki úr því svo að traustan ís mætti kalla.

22. mars fóru 3 menn úr Stíflu ríðandi til Siglufjarðar. Þeir Jón á Mósfelli, Þorvaldur á Deplum og Hannes á Melbreið. Var þá afbragðs færi, snjór aðeins í háfjöllum.

23. mars setti Guðmundur á Hraunum niður kartöflur. Hjeldust þær óskemdar og sprutu vel. 17 april leysti Gautastaðavatn að mestu, en lagði aftur í april.

22. mars komu álftir á Gautastaðavatn. Þann mánaðard. var byrjað að mala á Hafnartúni í Siglufirði.

Síðari hluta aprílmánaðar skifti um tíð eða sem næst sumarmálum. Varð vorið kalt og hretviðrasamt. Sjerstaklega var maímánuður slæmur. Alt fram í miðjan þann mánuð mátti aka úr Haganesvík á mikið meiri fönn en á þorra og góu. Sumarið var mislynt og síðari hluti þess mjög slæmur. Hálfum mán. fyrir göngur gerði alsnjóa og náðist aldrei heytugga úr því, í Stíflu og frammfjöllunum. Kýr voru teknar um göngur. Talið er að um

1800 hestar af heyi hafi orðið úti í Holtshreppi. Af því í Stíflu um 1000 hesta.
Haustið var mjög slæmt.
Vetur til nýjárs með versta móti, ýmist stórhríðar eða dynjandi regn. Var stórfurða að hey skyldu ekki skemmast í töðum.
Sauðfje og hross fóru í hús um veturnætur.
Á árinu dó Sigurður Arngrímsson í Minnaholti. Hann var um fimmtugt og var lengi búinn að vera heilsulítill. Ógiftur og barnlaus.
Ennfremur dóu á árinu 2 nýfædd börn, annað á Knappstöðum, hitt á Brúnastöðum.
Jarðabyltingar urðu engar á árinu. Helgi Daníelsson, ættaður úr Skagafirði, keypti Sljettu og fór að búa þar. Sljetta stóð í eyði árið áður.
Á Nefstöðum var byggt íbúðarhús úr steinsteypu og timbri. Á Sljettu var byggt íbúðarhús úr steinsteypu. Einnig ljet Siglufjarðarkaupstaður Kastra upp íbúð á Skeiði.
Mjög mikið var unnið að jarðabótum að vorinu, en tíðin ~~hamlaði~~ bannaði alla jarðabótavinnu um haustið. Mældar jarðabætur í hreppnum þetta ár, langt um meiri en verið hafa.

Þrátt fyrir geysilega heysölu, voru þó fyrningar með mesta móti. Skepnuhöld voru yfirleitt ágæt.
Íþróttamót var háð milli Siglfirðinga og Fljótamanna. Þar veitti Fljótamönnum betur.
Verslunarfyrirkomulag var með svipuðu móti og árið áður. Vörur með svipuðu verði; landbúnaðarafurðir fjellu þó heldur í verði.
Á árinu var hafin trillubátaútgerð frá Haganesvík. En því miður aflaðist lítið, enda ógæftir og fiskleysi með meira móti.
Á árinu urðu kennaraskifti í hreppnum. Af starfinu ljet Páll Sigurðsson á Lundi, en við tók Sigursteinn Magnússon frá Ólafsfirði.
Tveir piltar úr Holtshreppi fóru á mentastofnanir. Ólafur Jóhannesson frá Lambanesreykjum fór á Gagnfræðaskólann á Akureyri. Páll Sigurðsson frá Lundi fór á íþróttaskólann í Haukadal.

H. H.

# Tíðavísur 1929 — ein fyrir hvern mánuð.

1. Út í heimi harður svaf
hríðar kaslinum slyngi.
En þíður vindur vestri af
varnaði fanna kyngi.

2. Dagar, vikur, vetur líður,
varla bíta stundirnar.
Stiltur, blíður, þægur, þíður
því hefur verið „Febrúar."

3. Alt er gott frá hendi hans
heims er ræður lögum.
„Mars" hefur verið lýðum lands
líkur sumardögum.

4. Þegar „apríl" gekk í garð
gæðahótin sýndi,
en eftir því sem eldri varð
yndi og blíðu týndi.



5. Vart um fald né Viðrisdjúp
virðum reyndist þægur;
„maí" fljótin fannahjúp
faldi 16 dægur.

6. „Júní" kulda kröm nam ljá
krepti margra hagi
vindasamur vildi sá
vera í meira lagi.

7. „Júlí" gleði lýð nam ljá;
lifnuðu grös í haga.
Nítján veitti seggjum sá
sólskins-bjarta-daga.

8. „Ágúst" fremur vötur var,
varð þó ögn til nytja.
Hey af engjum hálf þurkað
heim í tóft má flytja.

9. Síst var gótur september,
sendi hryðjur ljótar;
hauður byrgði fanna fer,
frusu vötn og hjótar

10. Í október var ílsku tíð,
ei til góða breytti.
Byljavetur, bleyta og hríð
brögnum skaða veitti.

11. Nýttist fátt í nóvember.
Nepjan eyddi þreki.
Fánýtt gæti foldu í sér
fjandans hríð og leki.

12. Þrótt ei lofar desember,
dýr er vart hans saga.
Foldu láð og flengdu sker
fimtán hríðar dagar.

H. H.



## Á-h-e-i-t.

Það er orðið landskunnugt hvað gott er að heita á Strandakirkju, í Selvogi.
Maður sjer í blöðunum, að henni berast peningaáheit hvaðanæva af landinu.
Ekki hef jeg samt heyrt þess getið, að nokkur hjeðan úr Stíflu hafi gert áheit á Strandakirkju. Má það að vísu merkilegt kallast, því flestir eiga sjer margar óuppfyltar óskir, og áheitin fela í sjer trú manna, um að þau hjálpi til að ná uppfyllingu óskanna; sjerstaklega ef það sem á er heitið er búið að ávinna sjer tiltrú manna, einsog t.d. Strandakirkja.
Áheitatrúin er mjög gömul og hefur verið ákaflega mikið um hönd höfð. En mjög hefur þótt misjafnlega við bregða, eftir því á hvað hefur verið heitið. Enn þann dag í dag á hún töluverð ítök í hugum manna, og líklega meiri en í fljótu bragði virðist, hjer sem annarstaðar. Það veit jeg að fólk hjer í Stíflu hefur við og við heitið á gamlar og hjálparþurfa manneskjur, og hefur oft þótt vel gefast.
Og sjálfsagt eru fleiri áheit gerð en menn vita um.

Það var alt ekki tilgangurinn með þessum línum að beina áheitum manna, ef nokkur eru, til Strandakirkju, því hún er þegar orðin svo rík af áheitunum, að fjárráðamenn hennar vita naumast hvað þeir eiga að gera við fjármuni hennar (sbr. deiluna útaf sandpeðlunni).
Heldur vildi jeg vekja athygli manna, hjer, á því, ef þeir gera áheit, að gera það til kirkjunnar sinnar — Knappstaðakirkju. Hún er sannarlega í þörf fyrir það, ef hún á að halda áfram að vera til og vinna sitt hlutverk.
Jeg get hugsað mjer, að sje gott að heita á nokkurn hlut, þá sje það á Kirkju Krists. Og er þá ekki sjálfsagt að heita á sína eigin kirkju?
Líklega fer það mest eftir trú manna hvernig áheitin heppnast. Og væri því ekkert ólíklegt að Knappstaðakirkja gæti orðið heppileg til áheita, alveg eins og Strandakirkja.
Þetta hefur án efa vakað fyrir Jóni í Tungu, þegar hann gerði áheit til Knappstaðakirkju og henni vildi til. Þetta vakti líka fyrir mjer og tveimur öðrum, sem gerðum, síðastliðið vor, allir jafnt, áheit til Knappstaðakirkju. Þá vildi henni ekki til, enda voru þau áheit þannig löguð, að ákaflega ólíklegt var að þau heppnuðust. Og ekki trúi jeg að þau hefðu heppnast freka þó við hefðum heitið á Strandakirkju.
Ef til vill hefur það ráðið miklu, að við gerðum áheitin í gamni og vorum jafnvel fyrirfram vissir um að þau heppnuðust ekki.
Jeg skal játa að mjer finst það hálf hjátrúarlegt að gera áheit. En það er reyndar ekkert ljótt. Að sumu leiti er það eðlilegt að menn vilji vinna til að borga eitthvað fyrir uppfylta ósk, og það er eitt af því sem áheitin byggjast á; enda munu flestir borga það er þeir hafa heitið, refjalaust og með glöðu geði, hafi þeim viljað til.
Það eru nú tilmæli mín, ef þið viljið gera áheit, að gera þau til Knappstaðakirkju og vita hvernig fer.

31 jan. 1931.
Jóhann.

---

Ritst. Jóhann Guðmundsson.

# Máni.

3 tölublað 9 árg. —— 16. mars 1930

Útgefandi U.m.f. Von

Ritnefnd { Hannes Hannesson
Steinn Jónsson
Jón Gunnlaugsson

## „Ávarp" „Mána"

Þið hafið sent mig út á vígvöllinn dáða drengirnir. Vöxtur minn og viðgangur fer eftir því hve vel þið fóstrið mig. Jeg er ekki heimtufrekur en fóðurlaus get jeg ekki verið, þá hverf jeg og gleymist um ókomnar aldir.
Jeg vil vera það akker sem heldur í réttu horfi lífsfleytu aðstandenda minna þá brotsjóar rísa. Vorboði vil jeg vera og verið boða, því innra með okkur verður að ríkja sól og sumar, skapandi vonir og framtíðar draumar, þó ytra blási oft kaldar kyljur.
Alt verður með þökkum þegið. Og um leið og þið sendið mér grein eða stöku, þroskið þið ykkur sjálfa og stefnið eftir þeirri braut sem liggur að marki þroska og fagurra hugsjóna. Munið þá ábyrgð, sem þið hafið tekið á ykkur þegar þið senduð mig í þennan heim. Munið að ábyrgðar tilfinning ykkar gagnvart mér, skapar í ykkur þrótt og skilning, til þess að fylgja fram til sigurs starfskröftum ykkar í lífsbaráttunni. Það er því bón mín til ykkar dáðríkir drengir, að þið gleymið mér ekki þennan vetrarpart, sem eftir er.
Senn kemur sól og sumarblíða, þá verð jeg lagður í rykið á hilluna og gleymist um langan tíma.

Geta er til alls ef viljinn er nógur.

Páll Sigurðsson í Lundi

## Stökur

Harðsvíruð „Góa" heygrannir vekur,
hamast á þekjunni stórhríðin köld,
sólbirtu alla úr hjarta burt hrekur
helrúnir markar á framtíðar skjöld.

En brátt kemur sumar með sólgeisla fríða
svipfrítt mun verða í hugarins geim,
brosa við hjallar blómskrýddra hlíða
bjóðandi gestum til Íslands heim-

~~fa~~
Þá munu heiftugar helrúnir flýja,
hamingjan brosa við starfandi sál.
Sumarin blær anda, með sólgeisla hlýja
skapandi vonir og framtíðar mál.

## Stærðsta málið

Það er á allra vitorði að Siglfirðingar
ætla nú í næstu framtíð að virkja
Skeiðsfoss. fá þaðan afl til að lýsa og hita
upp hýbýli sín og auðvitað líka að beina
orkunni að öllu sem henni verður komið að.
Síðastliðið sumar létu þeir fram fara nákvæmar
orkumælingar í ánni sjálfri og einnig létu
þeir mæla hve mikla viðbótar orku þeir
gætu fengið. Að öllu þessu athuguðu buðu
þeir svo Holtshrepp, að vera með í virkun-
-inni. Hreppsnefndin hélt þá fund með
Guðmundi Skarphéðinssyni sem var fulltrúi
bæjarstjórnar Siglufjarðar. Á þeim fundi gerðist
ekkert, sem ekki var heldur við að búast.
aðeins litið yfir tilboð Siglfirðinga og hlustað
á skýringar Guðm. Skarp.
Á almennum bændafundi var svo mál
þetta aftur tekið til umræðu. urðu þá all-
miklar umræður í málinu, en engin endan-
leg ákvörðun tekin að öðru en því, að hreppsnefnd
var falið að fá mann til að athuga hve mikla
orku mundi þurfa á hvert heimili og einnig
kostnað um leiðslur og þess háttar-

Allir fundar menn virtast vera á einu máli um það, að stór hjálp hafi og þægindi vera að því, að fá rafurmagn til ljósa og hitunar í húsum ef það væri kleyft kostnaðarins vegna. aftur greindi menn á um leiðinar að því marki. og skiftast menn þar í þrjá flokka eftir því sem næst varð komist af ræðum manna. 1. flokkur vildi að hreppurinn yrði með í virkjuninni og seldi í bæjunum orkuna, en til þess þyrftu allir eða sem flestir bændur að vera með. 2. flokkurinn vildi engan bindandi fjelagsskap heldur að orkan yrði keypt af Siglfirðingum og það gerðu þeir sem vildu og gætu. 3. flokkurinn vildi að stofnað yrði sjerstakt fjelag og hreppurinn yrði þar í engri bakábyrgð eða við það riðin sem slíkur. Máni leggur engan dóm á hver leiðin yrði hagkvæmast eða kæmi bændum að bestum notum, en hann vill eggja þá menn fólks á að hugsa málið rækilega og fljóta ekki sofandi að feigðarósi, því þetta er áreiðanlega mál málanna sem nú eru á dagskrá hér í sveitinni og um land alt —

H.

## Farmanna vísur

Máni vill halda til haga og geyma frá gleymsku alt það er minnir á gömul afrek og frægð Fljótamanna. Þess vegna birtir hann hér nokkrar farmanna vísur eftir Jón heitinn Magnússon sem dó í Minnhalli fyrir nokkrum árum. Því mundi enginn trúa sem kemur í Hraunakrók nú að þaðan hefir gengið, fyrir nokkrum árum, um 20 róðrar bátar en farmanna vísurnar lifa og munu lifa sem bautasteinar yfir horfinni frægð:

1 Bessi Einars kundur kann
knerri dýrum stýra
varla seinann vitum þann
vaskleik hreinan stundar hann —

2 Einar kemur árum lemur sjóinn
mjög sér temur menn að fá
málar fremur lítið sá

3 Glaður, rór og geðlyndur
greindur sómi lega
frá Holti-Stóra hann Hallgrímur
hlunnajórinn fram setur

4 Sjó að tauti krönnin þá
harla gladsinnaður
stýrir brautum tirðings á
Bogi Gautastöðum frá
5. Eyðir drambi seggur sá
samt er veldugleguur
skeiðar kamba bíru blá
Bogi Lambanesi frá
6. Hermann áður mastra mar
margoft stýra gjörði
sýndi dáð og dugnað þar
drengur fjáður jafnan snar.
7 Dygð ófúna sýnir sá
seggur aldrei latur
rennir húna hind um sjá
hann Jón Brúnastöðum frá
8 Ísak keti að þekktur
áður gnoð nam ráða
heppinn gætinn hagvirkur
hann er ótíð duglegur
9. Gísli róðinn Gíslabur
gnoð kann liðugt stýra
hraður boði og höndugur
hann er góða sjómaður —

## Anna gamla segir frá:

Það eru mörg ár síðan og margt er breytt. En þá fóru Sunnlendingar eins og engjaspretlur um Norðurland, kaupamaður á öðrum hvorum bæ, eða svo mátti það heita.

Í Húnavatnssýslunni minni var á einum bæ kaupamaður, sem Sigurfinnur hét. Einu sinni um sumarið var hann að binda þurrabond af engjum og stúlka með honum. Svo stóð á reipum, þá segir hann:

— Anna viltu binda trúss við mig?

Þá segir hún: Við höfum ekki meira að binda það stendur á reipum.

Þá segir hann: Jeg meina viltu fara á fjöru með mér —

Þá hló hún og sagði: Það er nú lítið um fjöru hér lengst uppi í Víðidal.

Nei ekki meinti jeg það sagði hann: Jeg meinti hvort þú vildir hanga á mína snöri? Ætlarðu nú að hengja þig, sagði hún. Nei það vil jeg ekki.

Ó ekki, sagði hann, jeg meinti hvort

þú vildir vera rjóminn á mínu trogi.
- Hvað átu við? spurði hún
- Jeg átti við hvort þú vildir gera við mína rosabullur? - Jeg gerði við þær í gær. Annaðhvort er jeg þjónustan þín eða ekki. segi jeg rétt sí sona. Nei ekki átti jeg við það, segir hann, jeg meina viltu kemba mínar horur? Við erum nú ekki farinn að kemba og spinna ennþá segir hún, og óvíst er að þú hafir undan mér að kemba þótt horur sje. Ó, vertu nú ekki að þessu segir hann, þú veist hvað jeg á við, viltu ekki hanga á mínum klakki?
- Klakki? Klakki?
- Nú úr því þú vilt endilega vita það þá verð jeg að segja það, sagði hann, Viltu vera kærastan mín?

Skrítla þessi er tekin eftir Ísafold og hygg jeg það ekki saka ef hún gæti ordit til hláturs.

— Ritstjórinn —



# Úr borg og bæ.

Máni hefur áður getið þess að Páll frá Lundi hafi farið á íþróttaskólann í Haukadal- Nú er Páll kominn aftur og býður Máni hann velkominn heim til átthaganna.
Lasleiki hefur allmikill verið í Fljótum undanfarið, en er nú í rénun-
Veður frá nýári hefur verið mjög snjóa og umhleypinga samt er alt í kafi í fönn í Stíflu -
Ákveðit var á miðsvetrar fundi sem haldinn var 22 febrar að sækja um alt að þúsund krónum til vegagerðar í hreppnum.

Látin er Sigríður Pétursdóttir kona Jóns Jónssonar sem lengi bjó á Brúnastöð. Fór jarðar-för hennar fram frá Tungu að viðstöddu fjölmenni.
Verður hennar minnst nánar í næsta blaði -

## Skrítlar

Móðirin við dóttur sína nýtrúlofaða:
„Á hverju ætlar þú svo að lifa þegar þú ert gift þessum húðarletingja?“
Dóttirin: „Á reitum foreldranna.“

2. Meðhjálpari er að lesa bæn fyrir guðsþjónustu en þegar hann er að byrja kemur maður inn í kirkjuna sem Metúsalem hét.
Meðh: „Drottinn jeg er innkominn, hann blessaður Sali takktu nú við.

3 Annar meðhjálpari var að lesa bæn í kirkju en sá illa gleraugnalaust:
Meðhjálp: Drottinn jeg þakka þér. Nei jeg sé það ekki: Byrjar hann þá á ný og segir Drottinn jeg þakka þér, nei jeg get það ekki. Byrjar hann þá í þriðja sinn: Drottinn jeg þakka þér. nei það gengur ekki.
Með það lagði hann bókina frá sér.

4 Stúlka sem átti heima á bænum Titlingi mætti manni á förnum vegi, maðurinn þekti ekki stúlkuna og spyr: hvar áttu heima?
Á Smáfuglastöðum segir stúlkan.

Ritstjóri Hannes Hannesson

# Máni

4 tölublað 9 árgan.

Útgefandi U. M. F. Von

Ritnefnd { Steinn Jónsson
Jón Gunnlaugsson
Páll Sigurðsson

### Froski — kenningin

Engum vísindamanni hefur til þessa tíma, tekist að finna og sanna hvaðan lífið, hefur borist á þennan hnött, eða hvernig það hefur kviknað. Öllum ber þó saman um, sem ekki eru blindir af gömlum bókstafatrúeddum, að í fyrstu hafi lífið verið á mjög lágu þroskastigi, en stöðugt þroskast og þá um leið skapast meiri fjölbreytni í hinum lifandi heimi
Hvort sem lífsfruman hefur verið ein, eða fleiri

í fyrstu, er auðsæjlegt að út ~~frá~~ henni, hafa vaxið rætur, sem hafa orðið stofntrje nýrra lífsgreina.
Jarðfræðingum hefur ~~tekið~~ tekist að sanna, eftir hinum svonefndu "Steingjörfingum" sem þeir hafa fundið í jarðlögum útsvegar um ~~heim~~ lönd, að jurta og dýralíf var þá, mjög ófullkomnar og fábrotnar, en það er orðið, þegar saga mannkynsins hefst.

Þegar tekið er heildaryfirlit yfir jörð og mannkyns~~sögu~~söguna sem sumpart styðst við getgátur, og sumpart við, sannaðar staðhæfingar, verður að segja, að lífið sje alltaf í vexti, en lífið er líka alltaf í hnignun. Hver einstaklingur, og hver þjóðarheild. Þannig á allt sem lifir sína sögu. Sögu um: baráttu og sigur, ljós og myrkur, gleði og sorg. Framsókn og afturhald skiptast á í lífi hvers einasta einstaklings.

Þjóðirnar hafa sömu sögu að segja. Þær eiga sína gullöld. ~~Áð~~ Á meðan þær eru að vaxa, á meðan þær eru að skapa þjóðfjelag sitt, á meðan málefnin binda einstaklingana böndum samtakanna. Á meðan hver starfandi sál skyldi hlutverk sitt, sem hlekkur í þjóðfjelagsheildinni

þjóðirnar vaxa með starfi sínu. Sjálfstæðar, árvakrar, og skylduræknar, [illegible] gagnvart landi sínu.
Á meðan örðugleikarnir voru mestir, uxu þær óslitið. En smásaman fækka málefnin sem tengja saman einstaklingana. Erviðasti hjallinn er unninn. Nú mátti fá sjer hvíld. Og þá varð starfslöngunin dofnaði. Skapandi nautnir lífsgæðanna hjuggu skarð í öryggismúrinn. Vaxandi valdafíkn og fjegræðgi olli sundrung, sem veikti þjóðfjelagið. Aðalkyfingar börðust um metorðin og voru ekki vandir að meðölum. Öreigarnir horfðu á leikinn, og ~~[illegible]~~ glöddust, ef einhver harðstjórinn fjell í valinn, því sífellt óx hatrið á milli stjettanna. Og utan við landamærin, lá óvinurinn í leyni. Óvinur sem sá og heyrði hvað fram fór. Hann notaði sjer tækifærið. Óvinaherinn óð yfir landið. Gullöldin, þroskinn þessa tímabils var ~~þrotinn~~ liðinn, hnignunin komin í staðinn. Þjóðin var orðin og gömul á þroskabraut sinni. En hún vaknaði aftur. Útlend harðstjórn skapaði ótal málefni, sem hin hrjáða þjóð fylkti sjer um: Ungir og gamlir, karlar og konur, ríkir og fátækir. Og með starfandi höndum, að sjálfstæðum hugsjónum, tókst þjóðinni að skapa

gulløld á ný.
Fannvig hevur søga ymsra tjóða manna kynsins vorið. Hin hevur tekið oft langa tíma, vøkstur og ~~tjóða~~ hugnan skipst á földuni. Summar tjóðir hava aldri ~~att~~ fundið gulløld sína aftur, tær hava tynst og runnið saman við flóðøldur kúgara sína. Tó má ein ~~vegna~~ eygna brot, summa fornar sundur leistra tjóða, tey brot geta enn í framtíðini, átt eftir at savnast í heildir, og mynda tjóðsa tjóð, í tjóða landi.
Nú skal draga linurnar saman, og athuga mínum heildir, en heil tjóð tjóðløg. Ymsan tákmarka hvørs. tjóð tjóðlags, eru starfandi ótal smærri tjóðlagsheildir sum skapast hava av starfsþörf, og vaksið av málum framtíðarinnar. Er óþarst ~~her~~ at ætla sær, at rekja her hina einstøku ~~mál~~ starfsbót, sum hvør fjøldmögu tjóðlagsheildir tjóðanna hava skapast og þróskast av.
Um margan tjóðlagsskap, má stríð sama sögunar, og um tjóðirnar. Vøksturin þó fyri verði, og hugnanin komandi alla starfslongun, lodist yfir fyri en ~~varri~~ skap...

eiga sær stað. Øll heilbrigd starfsemi at p...
um er þroski, øll kyrstøða í starfinum er hn...
vegna má ekki eiga sær stað kyrstøða í...
~~mál~~ starf, hvørt sum tað er, lífsstarf ...
ins, eða tað eru tey størf, sum tjóðlags h...
taka einstaklinga hava í stefnuskrá sí...
er brøtt brekkan, sum framsøknir einstak...
at klífa, og oft stendur mótvindurin s...
tangið, at toplega verður støðið á móti. T...
mögum á, at líta niður, og bera saman ...
leiðina sum hann hevur tegar farið, og l...
hann á eftir at fara til tess at komast ...
brekkuna. Tað er ljótt, já svo ljótt, at ...
undan brattanum, leiðin svo greið, at ei...
hvørt fótmál athugað, og fyri en vari er ...
enda. ~~Vit sæ~~ Hopað til baka farin...
Vit sæter brekkurnar liggur feigda...
tær sum: draunga leg blindsker. grótugir brot...
stirtir straumar, gleipa og móla. Feigar he...
framtíðardraumar. Fannvig er fyrri tein s...

framtíðarinnar. Þar fæðast og aldast: vonir, óskir og
hugsjónir. Þar uppi er orku brekki, sem hver starfandi
framsækin sál, getur, og þarf að berga af.
Ódáinsveigar sem svala þorsta, þreyttra ferðamanns-
ins, sem oftlega mætist á örðugri leið. Drykkur
hans er eins og svalandi og sætur, eins og ósinn
við brekkufótinn, er beiskur, þar sem hann svo
sakleysislegur liður eftir botni sínum, sem er upp-
gefinn viljalítill vesalingur, er smýr undan brekkunni
og hrapar í gin hans.

Undanhald er oftast sama og ósigur, en
ósigur er rothögg á framtíðardrauma einstaklings-
ins; og lamar starfslöngun hans. En því átti hver
ósigur, að skapa annað áhlaup, og víst er um það, að
viljasterkur og ólítilgjarn einstaklingur, lætur ekki
undan erviðleikunum, á meðan starfsþrek hans
bilar ekki. Sífeld barátta við erviðleikana leiðir
til þroska. Og málið sem einstaklingurinn berst
fyrir, verður honum því hjartfólgnara, því harðari
baráttu sem hann heyir fyrir það. Því fleiri
handtök og hugsanir, andvökunætur og dagdraumar
sem við það eru ~~eru við það~~ tengdar.

„Ungmennafjelagið Von" er aðeins 12 ára. Sem
betur fer, er saga þess ekki í mörgum þáttum, hvað

þroska og hnignun snertir. Þrátt fyrir það, að margur-
álíka fjelagsskapur hefur lifað út sitt æfiskeið, á eigi
lengri tíma. Vagsið — hnignað — dáið.

Fjelagið „Von" hefur sífelt vagsið, þó að limatal-
an sje svipuð, þá fjölga málefnin, og störfin í þágu
þeirra aukast. Ef til vill finnst sumum, og það rjetti-
lega, að örðugasti hjallinn sje yfirunninn, þar sem búið
er að koma upp húsinu, og nú sje því óhætt að hvílast
hjetta sköllunum, og njóta ávagstanna. En þessu er ekki
þannig varið, enda er jeg þess fullviss, að engum fje-
lagsmanna hugsar þannig, og að kyrstaða í fjelagsstarf-
inu, eða draumur um hvíld, er ekki til í huga neins
~~Ung~~ „Vonarfjelaga." Í hvaða átt sem litið er, vantar
starfskrafta. Alstaðar bíða óframkvæmdar hugsjónir.
Við hvert fótmál, sem ungur brautsækinn áhuga-
maður gengur, er hrópað til hans um hjálp. Að rjetta
hönd. Nei „ungmennafjel." við þurfum ekki að ótt-
ast að málefnin þrjóti, þau fjölga, þessvegna, bræður góðir
verum vel vakandi. Verum á verði, svo ekki sjeit-
hyst götum og þjóðgöfugum hugsjónum. Sveitina okkar
vantar svo margt, að þörf er að vaka og vinna. Tíðin sem-
inn vantar aldrei verkefni. Fjöregg þjóðarinnar er
að verða að fúleggi. Sveitirnar íslenzku, sem að þessu
hafa borið yfirbygginga kaupstaðanna, eru að sligast
og við undirstöður þeirra.

Kaupstaðirnir eru að verða ofstór brjóstbörn. En engum er það ljóst, að ~~þjóð~~ þroski íslenzku þjóðarinnar, tekur og varanlegri framförum í sveitunum og daladrögum, en í gróðurlitlum víkum og vogum.
Oft er brekkan brött, og hjallarnir örðugir, inn milli fjallanna — í æskusveitinni. En oft getur verið vafasamt, hvort leiðin er greiðfærari þó burtu sje farið, og villt reikað út út í umheiminum. Ekki svo að skilja, að jeg ~~sjá á móti því~~ telji það rjett, að æskumaðurinn hafi átthaga sína, þurfi á máli. Hann á að gefa honum lausann tauminn. Hann hefur gott af því, að kynnast umheiminum. Það þroskar hann, hann verður fjölvari í skoðunum, og víðsýnni í hugsunum. Þeirra ávaxta á æskusveitin hans að njóta. Þó akurinn sje óbrotinn skal ei leggja árar í bát.

Átthagasveitin hefur æðsta rjettinn á önnum verkum okkar!

Páll Sigurðsson.
frá Lundi.

## Ferðapistlar

„Margt kemur fyrir á langri leið,“ segir máltækið. Þrátt fyrir það, að fátt er sögulegt í þeim endurminningum, sem mjer datt í hug að bregða „Móna“ fyrir, tel jeg rjett að forða þeim frá djúpi gleymskunnar, þó margt þarfi merkara gjörist meðal þeim mönnum sem ~~að~~ eitthvað hafa ferðast útyfir æskustöðvarnar, en eigi hirt um að setja á pappír. Við ~~það~~ að birta lesendum, að verða á betri veg, þó óreglulega verði sagt frá. Því allt er ritað eftir minni, en meira en ár liðið, síðan „sagan gerðist“.
Fyrsta ~~kap~~ kapitula þessara pistla kalla jeg Tildrög. Fleiri en ein ástæða, ~~lá~~ lágu til þess, að jeg á síðastliðnu hausti, gjörðist á sem nemandi, á íþróttaskólanum í Haukadal í Biskupstungum. Fyrsta ástæðan var sú, að kynni mín af íþróttunum, þó lítil væru, fullvissuðu mig um gildi þeirra, fyrir þá sem iðka þær. Og jeg er þess fullviss, að ~~jeg á~~ ~~mín~~ mín eigin persóna, þó á íþróttunum það að þakka, að jeg nú er ekki heilsulaus ræfill, á besta aldri þó.
Önnur ástæða, og líklega sú sem mestu rjeði í vanræktarþráin, löngunin til þess að sjá mig eitthvað um

sjá með eigin augum, eitthvað meira af landinu, en
átthaga sveitir á Norðurlandi. Þessar ástæður, ásamt
þeirri, að aðrir gætu ef til vill haft eitthvað gott af ferð
minni, urðu þá tildrögin til þess, að jeg lagði land-
undir fót." ~~Jeg lagði af~~ 2. Ferðin suður. Jeg lagði
af stað heimanað 14 október. Var samferða Stífla-
mönnum, er voru að fara á haustHreppaskil, að fundar-
stað hreppsins. StórBrekku. Jeg sat fundinn, uns kom
var úti. Drakk kaffi í StóruBrekku, kvaddi síðan
alla sveitunga mína, tóku þeir hlýlega í hönd mína
og óskuðu mjer góðrar ferðar. Á þeirri stundu fannst
mjer þeir allir, sem jeg kvaddi vera bræður mínir, og
í huga mínum hjet jeg því, að jeg skyldi gera sveit-
inni minni, þann sóma sem jeg gæti, þegar jeg kæmi á
Suðurland, og færi að reyna mig við Sunnlensku
stráka. Lagði síðan töskur mína á bak, og hjelt
fótgangandi niður í Haganesvík, hestinn sendi jeg
heim. Þá nótt gisti jeg í Haganesi. Um morguninn þann
15. kom Esja til Haganesvíkur, fór með henni til
Siglufjarðar. Golukvika var dálítil, og fann jeg
til sjóveiki, þó stutt sje á milli.
Þegar Esja rendi að bryggjunni, á Siglufirði, stóðu
þeir á bryggjunni. Njáll bróðir, og Páll Pálsson
frændi minn, og væntanlegur skólabróðir. Þeir

báru með mjer flutning minn í land, og heim í her-
bergið Njálls. Páll var að vinna þennan dag, er þegar jeg
kom, hætti hann vinnu. Kostaði ekkert, og bað
hætt geyma, og alla vinnufjelaga sína.
Nú átti „Drottning Alexandrine" ekki að koma
til Siglufjarðar fyr en þann 17. Við höfðum því
tíma dag til þess, að skemta okkur, og láta
okkur leiðast, á Siglufjarðareyri. Páll fór þá
líka að tygja sig til ferðarinnar. Sá 16 leið
og 17 kom, ekki kom skipið. Við keyptum
farmiða á afgreiðslunni, til Reykjavíkur, á öðru
farrými. Við vorum ekki nógu miklir höfðingjar
til þess að ferðast á fyrsta farrými. en heldur ekki
svo miklir bjálfar, að við þyrftum að gera okkur
að góðu 3 farrými, og kostur var á öðru betra.
Nú fengum við þá frjett, að skipið kæmi ekki fyr
[illegible] eftir, tegar hann gerast stavsmaður
fjelagsskaparins. Løgin eru stavsbrautir fje-
lagsins. Eftir teim brautum gongur fram-
fara hjál fjelagsskaparins. Hvat hjálsins [illegible]
eftir átaki fjelagsfegnanna. Hendur var [illegible]
halda um stjórnvølin ber at [illegible] á [illegible]
á skipinum, [illegible] øll, tað er fjelags-
heildin í samveruni, ber á ~~[illegible]~~ teirra [illegible]
[illegible]. Tað er undir [illegible] kemur hvørt
hógi sökist, eða nú í [illegible]. [illegible]
legst [illegible] taka á [illegible] í [illegible]

svo manns höndin getur ekkert að gjört.
Alstaðar er við örðugleika að stríða. Það er nauðsynlegt lögmál, eitt af hinum mörgu þroskastigunum til vorunnar. Fjelagsskapurinn er einnig til orðinn, fyrir atmeikla er við leika. Verkefnin sem voru ofþjörlor einstaklingsins skapaðir grunnana að sameiningu kraftanna. Aðalvandinn er að stýra fjelagsfleytunni fram hjá stapabrautunum. Lítill ágreiningur getur orðið til þess, að kollsigla fleytunni.
Sá ljósi kjarni fjelagsþegnsins, getur auðveldlega valdið því, að fleytan brotni í spón. Þetta kemur auðvitað ekki fyrir, á meðan hver þegn gætir vel ~~sinnar~~ þess rúms, sem honum var skipað í. En svíkist einhver undan skyldu sinni, getur farið svo að fleytan hallist og ~~fagl~~ jafnvel hvolfist alveg. Er þá erfitt erfitt, að rjetta hana við aftur. Þannig hefur farið fyrir hinum mörgu fjelagsheildum, sem hafa kollsiglt sig á miðri leið, og ekki rjett rjettst við aftur. Að eins vegna þess, að fjelagsþegnarnir sviku rúm sitt, svo fleytan varð stjórnlaust rekald á ölduróti framfaranna. Þannig hefur sagan endurtekið sig, og gerir enn í dag, ekkert bjargráð er til við þannig árekstrum, annað að en skylduræknin og þroski þeirra einstaklinga sem mynda fjelagsheildirnar. U. m. f. „Vorið" er eitt hinna allra minnstu fjelagsfleyta sem er á siglingu fram lognið eftir fram hjá brautunum. Enn hefur fleytan þess ekki hallast svo mjög. Er það eingöngu því að þakka, að hvert rúm hefur þar verið vel varið. En munið það samt góðir fjelagar, að enginn má sofna á verði, eða hlaupa undan merkjum. Það býður vissa manngildi ykkar sjálfra og getur líka orðið banahögg á fjárlegg fjelagsins.
En til þess veldi enginn verða, það veit jeg með vissu. Siglið um fram, eftir stapabrautunum. Um eru margar hegðunir ófarnhvarðar. En það tekst að fram hvorra þær, ef allir eru samhentir, en enginn ~~bregst~~ bregst skyldu sinni. Í því trausti ~~byrjum~~ höldum við stafninn áfram á þessu nýbyrjaða ári!

Páll Sigurðsson
á Hendi

## Staka

Anna brega eydast fjöll,
öll mun gleðin hlýna
þegar röðull fer um fjöll,
fagurlega að skína.

ff

## Skrítlur

Alli í frædu: „Þú heldur þó ekki að minni
þitt sé alveg óbilandi".
Kalli: „Já fyrst að segja, þá man ég ekki
eftir neinu sem ég hefi gleymt"———
A: „Eruð þér verstaður brúðurinni eða brúð-
gumanum".
B: „Hvorugu".
A: „Nú hvað varðar þig þá um brúðkaupið".
B: „Ég er fallinn frambjóðandi"————



4[l] Valli

# M-á-n-i.

2. tölublað 10 árg. 1. febrúar 193[illegible]

Útgefandi U. M. F. „Von"

Ritnefnd } Hannes Hannesson
Kristján Sigurðsson
Gunnlaugur Jónsson

## Hvað er hugsjón?

'O, þú hugsjón, þú hin ódauðlega gyðja, Hugsjónin er móðir, - móðir allra framkvæmda. Hugsjónin er fyrsti vísirinn að stórfum einstaklings-ins í lífsbaráttunni. Hugsjónin er hin fegursta mynd, sem skapast getur í andans heimi mannsins. Hugsjónunum eru engin takmörk sett, þær geta orðið svo margar að tölu verði ekki á komist. Þær geta orðið svo yfirgrips miklar að enginn endir verði þar á.

á meðan líkami og sál eru starfshæf
Nokkurn greinar mun er hægt að gera
á hugsun og hugsjón. Hugsunin er hand-
rit lífsstörfsins-verkið. Þegar farið er að
vinna þau, þá er það ekki lengur sjálf
stæð hugsjón, því hún er þá að kom-
ast í framkvæmd. Hugsjónin er mæli-
kvarði á þroska mannsins því meiri
andlegur þroski starfsþrek og vilji, því
fjölbreyttari og göfugri hugsjónir. Að
svíkja sjálfan sig, er eitt hið sorglegasta
sem fyrir manninn getur komið. En
að svíkja sjálfan sig er að vera ótrúr
hugsjónum sínum. Fylgja þeim ekki
fram á braut veruleikans, heldur senda
þær út á Gað og gaddinn, eins og komist er
að orði. Miklir hugsjónamenn eru oft á undan
sinni samtíð, en að ryðja nýjar brautir
gegnum og yfir foraðis ála samtíðar innar, er oft
mjög örðugt. Öll mikil menni sögunnar
eru hugsjónamenn. Enginn kemst í tölu
þjóðnýtra manna, nema því aðeins að þeir
sjái á einhvern veg fjöldanum meiri. Þessi
yfir-burðir lýsa sér oftast í nýjum hugsjónum



og baráttu fram til sigurs. Því baráttu fylgir
venjulega nýjum straumum, enda mundi
enginn einstaklingur öðlast nafnbótina
mikil menni ef hugsjónir hans mættu
ekki mótspyrnu. En hann mikilmennið
viljasterki starfsmaðurinn, trúi þegninn
gefst ekki upp meðan kraftar lífsins leyfa
að stríða, að vinna að dýrmætu hugsjón
unum hans því hann veit: þótt sjálfur
hnígi hann í val, að hugsjónin hans fagra
lifa skal.
Hugsjón er hugtaksorð yfir það sem
menn eygja í fjarlægð, en hafa ekki höndlað
langt í burtu líta þeir markið, þangað
skal stefna eða hníga í val. Að hníga
í baráttunni fyrir framgangi hugsjóna
sinna, er fagur dauðdagi, og samboðinn
hverjum starfsmanni. Hugsjónin verður
bautasteinn hans. Minning hans geym
-ist meðal óborinna kynslóða.
Hugsjónirnar eru afar misjafnar alt eftir
þroska einstaklingsins. Þær eru reykandi
logandi, lýsandi. Þær ýmist hrekjast
um andans geiminn þokukenndar og óglög-
gar

eða þær leiftra svo lýsir af, þá sjáum
ver brautirnar beinar að settu marki
Hver hugsjón hefur sinn til veru rétt
Margar þeirra ná lítt til gangi sínum
Mönnunum miðar annað hvort aftur á bak
ellegar nokkuð á leið. Hugsjóna maðurinn
gengur aldrei aftur á bak, því hugsjónin
flytur hann á brautina fram.
Hver ærlegur maður ætti að skapa sér hugsjón
sem legði að háu marki, marki sem
hann veit ef nokk, að geti á tíð fram-
-tíðinni að notum. Hugsjónin skapar
honum stefnu sem hann svo fylgir
meðan hann svíkur ekki sjálfan sig,
en geri hann það, hefur hann veitt
hugsjón sinni bana högg, og um leið
ef til vill kveðið upp dauða dóm ófæddrar
hugsjóna, því hætt er við, ef hópað
er einu sinni af hólmi, að oftar verði
látið undan síga. Hugsjónin á fyrst
og fremst að gera einstaklinginn að
vilja sterkum, stefnuföstum og bjart-
sýnum starfsmanni og þar næst
að vera leiðar stjarna samtíðarinnar



Að eignast þær hugsjónir sem anda frá
sér varsins yl, sem drepa úr dróma það
sem í dái liggur, lífga og glæða það sem
í skuggum lífsins er hulið, er hin fegurst-
-asta yrking sem fram getur farið á
lífsbrautinni —
Páll Sigurðsson

## Lítil saga um lítinn fugl.

Einn fagran vormorgun var jeg
að rölta með fram girðingu.
Tók jeg þá alt í einu eftir því að
grátitlingur, sát á efsta girðingar strengnum
og tísti mjög ákaft. Hann fór að lyfta
vængjunum en flaug þó ei að heldur
þótti mér það kynlegt og færði mig
nær honum og gekk úr skugga um
að hann var hindraður — fastur á
vírnum. Jeg tók varlega utanum
kroppinn litla fuglsins og sá strags
hvernig í öllu lá. Ein táin á fæti
hans var föst í rifu sem var á

úr snúningnum milli gaddanna
Jeg beygði gaddinn til hliðar á
svipstundu og fuglinn var laus og flaug
út í bláinn: En jeg stóð eftir hugsandi
nokkur augnablik og var glaður af
hjarta.– Forsjónin hafði sent mig
í tökú til að bjarga frá skelfilegum
dauða einum okkar minsta bróður–
Guðmundur Jónsson

## Ferðapistlar (framhald)

Lesendur góðir ykkur finst nú ef til
vill, að jeg sé búinn að eyða nógu lengi
~~nógum~~ [löngum] tíma í það, að drekka kaffið í
veitinga-húsinu Tryggvaskála við Ölfus
árbrú, og einnig að jeg og felagar mínir
sjeum búnir að horfa nógulega nógu
mikið á stúlkurnar úr hreppunum
sem jeg lýsti fyrir ykkur síðast.
Þegar við höfðum drukkið kaffið og
borgað 1,00 kr fyrir það lögðum við
enn af stað. Björn setti vélina í gang
~~í gang~~ og farartækin rann af stað.
Eftir stuttastund komum við



austur í Grímsnesið góða. Fórum í gegnum
Þrastaskóg, sem er eign sambands U.m.f.
Ísland. Fremur er skógurinn lágvaxinn
en vitanlega er ekki vel að marka þó
okkur sýndist ~~það~~ svo. Gisti hús er í út-
jaðri skógarins, er vafalaust þar oft
mannkvæmt, einnig er þar heimili skóg-
ar varðar.
Á leiðinni austur eftir Grímsnesinu, mættum
við mörgum bifreiðum, voru þær fermdar
af fólki, kúm og kindum. Alt var þetta
á leiðinni til höfuð-staðarins. Heldur
virtist mér Grímsnesið hrjóstugt, þó
eru þar ágætar bújarðir og veðursæl og
landgóð .góð að sögn. Stórbændur
eru þar líka víða. Talsvert var farið að
skyggja þegar við komum að Brúará.
Bifreiðin rann yfir brúna og nú vorum
við komnir inn í ríki Biskupstungna
Nú fóru felagar okkar að kyrja tölunni.
Bifreiðin nam snögglega staðar, felagar mínir
frá Úthlíð stigu út hvöddu og heldu heim
til sín. Áfram heldum við, aftur varð
stans. Nú var það Málarinn sem yfir

gaf okkur. Í rökkrinu grilltum við í
hinn nýja Reykholtsskóla, stendur hann vest-
-an í ás, sem er skamt fyrir austan veg-
inn. Mikið bar á gufunni upp úr hver-
-unum, í kvöld kyrðinni, því frost
var töluvert mikið. Skólinn er heima-
vistar skóli. Alt er upphitað ljóst og soðið
við hvera aflið. Skólanum hefur verið
gefin landspilda, á að rækta hana en
nokkurn hluta hennar á að nota til
íþrótta vallar.
Einnig á að byggja sundlaug í fram-
tíðinni. Vegur lá heim að Skólanum
Á vega mótunum skildi málarinn
við okkur. Var hann nú ólíkur því
sem hann var, þegar Björn kom með
hann og rak hann eins og skepnu
á undan sér, eftir götunum í Rv.
og hálfdróg hann inn í bifreiðina,
það var nú orðið hjer um bil almyrkt
þegar málarinn hafði kvatt okkur
Nú var áætlun bifreiðarinnar að
Vatnsleysu. Vildi Björn láta okkur
gista þar því 2 tíma gangur væri



upp að „Haukadal" En það vildum við
ekki. Áfram allaleið var ákveðin ferða áætlun
Nú stansaði bifreiðin fyrir neðan Vatnsleysu
Við stigum út og greiddum fargaldið
kr 7,00 fyrir hvern okkar, að með töldu
flutnings gjaldi. Rétt þegar við vorum
stansaðir kom bifreið sem ætlaði upp
að brúnni sem verið var að byggja
á Tungufljót. Við fengum að setjast í
bílinn ásamt flutningi okkar.
Aldimt var nú orðið þykt loft
og mjög dimt. Eftir litla stund sáum
við ljós og bráðlega komum við að
bústöðum brúarsmiðanna, þar stans-
aði bifreiðin. Við spurðum til vegar
upp að Haukadal. Var okkur þá sagt
að Sigurður Greipsson væri þarna
staddur með Flutningshesta. Eftir
bendingu einhvers Brúarsmiðsins
gengum við til Sigurðar, var hann
í augum okkar ónergu stór, hár
og herði breiður, eins og fornmönnum
er lýst. Við heilsuðum honum og
sögðum til nafns okkar, hann tók

þjett í hönd okkar og bauð velkomna
Sagðist hann ekki fara sjálfur heim
en senda mann með hestana, gætum við
orðit þeim samferða. Sagðist hann vera
að fara niður á Eirarbakka og koma
að treim dögum liðnum. Skyldum
við vera eins og heima hjá okkur á
meðan, nota bókasafn sitt og um
fram alt að láta okkur ekki leið-
-ast. Klappaði nost á herðar okkar og
sagðist mundu hafa nóg handa okkur
að gera þar til skólinn byrjaði.
Nú var búið að láta upp á hestana fjóra
baggahesta og einn kerruhest. Kistur okkar
skildum við nafni eftir í skúrum brú-
-arsmiðanna en heldum á töskunum
aður en við fórum drukkum við kaffi
Ein stúlka var þarna mitt á meðal ca
20 Karlmanna Móbreiddi hún handa
þeim og þjónaði að einhverju leyti.
Hefur hún vafalaust verið meir en meðal
kvennmaður að takast slíkt á hendur
Nú heldum 2 ið af stað. Fylgdar menn
okkar voru 2, Drengur 12 ára Greipur



Ketilsson að nafni, Bróðurson Sigurðar
Hinn het Guðmundur frá Brú nosta
bæ við Haukadal. Fyrst var farið upp
með fljótinu, upp hjá fjárrett Tungnamanna
þá var beygt í vestur, Var þá lengi
farið eftir flóa Var hann nú frosinn
og því gott að ganga eftir honum.
Annars vissum við nafni ekki neitt
um áttir. En löng fanst okkur leið-
-in eftir flóanum, þegar flóann þraut
tóku við melar sem lágu norður með
skógi vaxinni fjallshlíð, Var ruddur
vegur eftir melunum. Nú sáum við
Gósin í Haukadal, Loks komum við
að á yfir hana var farið á barði en
hestar látnir vaða. Á þessi var
Laugar á, sem er örskamt vestan við
Hauka dal. Þegar yfir ána kom lagði
á móti okkur megna fýlu þóttumst
við vita að þett væri brennisteins lykt-
ir hverunum. Við fórum nú eftir
söndum. Alt í kringum okkur
heyrðum við kraka í jörðunni gufan
huldi alt útsýni í bili, en brátt

komumst við útúr gufunni og heim að
húsi. Húsið var lágt en allstórt um
sig. Þetta var þá skóla húsið í Haukad.
Tóið nemanda, kennara og alls heimilisfólk.
Alt var sveipað haust myrkri svo
ekkert var hægt að greina.
Okkur var vísað inn í stofu. Þóttumst
við sjá að þar væri svefnherbergi Sigurðar
Greipssonar. Einn legubekkur var þar
inni borð og stólar, all mikið af bók-
um, myndum og kortum var þar inni
Bráðt var okkur borinn matur.
Höfðum við góða matarlyst. Eftir að
hafa borðað. Var okkur vísað inn í
svefnherbergi. inni voru þar fimm
rúm, fjögur þeirra voru auð en í því
5. sofa 2 piltar. Við heilsuðum að sið
Íslendinga og buðum gott kvöld,
Piltar þessir höfðu komið um dagin.
Voru þeir væntanlegir félagar okkar
Þeir voru báðir Norðlendingar, Annar
þeirra Tryggvi Þorsteinsson frá Akureyri
hinn Aðólf Friðfinsson frá Skriðu í
Hörgárdal, okkur þótti vænt um að fá

þarna tvo Norðlendinga í hópinn. Ekki vor-
-um við of margir til að taka á móti hvið-
-um Sunnlendinga. Enda leist okkur
þannig á Tryggva að hann mundi ekki
láta hlut sinn eins og líka á kom daginn
Á hinum höfðum við minna álit
enda reyndist hann hæglátur en
hvers manns hugljúfi. Við háttuðum
í snatri og fólum okkur drauma
gyðjunni á vald fyrstu nóttina í Haukad.
Þá hefi jeg nú lokið ferðasögunni
Hef jeg rakið helstu þætti hennar
eftir minni þó, því ekkert skrifaði
jeg á ferðinni. Ef til vill læt jeg eitt-
hvað koma seinna um skóla lífið
í heild, en læt þetta nægja að sinni;
Páll. S.

## Heiðlóan

Við þekkjum öll Lóuna, Við gledjumst
er við heyrum hana syngja: dyrdin, dyrdin
En það eru misjöfn kjör dýranna eigi
sídur en mannanna.
Lóan á bágt það eltir hana Valur.
Ö, hann stefnir til mín hann hefir
séð mig segir Lóan og skelfur af hrædslu
Nú er úti um mig, kríurnar sem – áður
þyrptust utan um valinn eru nú að
mestu horfnar. Fálkinn lækkar flugið
og ætlar að grípa bráð sína. Litla lóan
rak upp sárt ángistar vein og flaug upp.
Nú hófst eltingar leikur upp á líf og dauða
Hrædslan gaf lóunni margfalt meiri kraft
og veiðahugurinn jók fálkanum krafta.
Dagar lóunnar voru taldir nema henni
hepnaðist að komast aftur fyrir fálkan
og kæmist það til baka að kríurnar rétti
henni að – stoð. Lóan flýtti sér það sem
hún gat, en vængirnir fóru að þreytast
hjartað bardist í brjósti hennar, og hugs-
-anirnar snerust um það eitt að sleppa.
Hún fór að hugsa á sér. „Það er best að



nema staðar hann nær mér hvort sem er
jeg hlýt að deyja."
Fálkinn fer dálítið nær, en þá herðir lóan
á sér það dregur aftur sundur.
Eggin mín eggin mín segir lóan
Það var þessi hugsun sem jók krafta
hennar á ný.
Hún flaug beint af augum. Það var
móður – ástin sem lyfti undir vængi
hennar svo flugið varð léttara, hræðslan
var horfin – „eggin mín, eggin mín".
Lóan rekur upp sárt vein og hnígur
til jarðar, það heyrist byssu skot.
Fálkann svimar, hann lækkar flugið
og fellur síðan til jarðar skotið hefur
hæft hann er dauður.
Lóan liggur skamt frá og hreyfist
ekki, skyldi hún vera dauð.
Hún fer að hreyfast, en hvað hefir skeð
hún stendur bara á öðrum fæti, og annar
vængur inn farinn af, hinn vænginn
getur hún notað við og við til að reisa sig
upp þegar hún dettur. Á hún ekki
bágt. Jú vissulega hefði verið

betra að fálkinn hefði tekið hana sundur. Hvar haldið þið að litla lóan hafi endað sína lífdaga. Hún komst heim að hreiðrinu sínu, en hvað var skeð, eggin horfin, einhver óþroskaður unglingur hafði tekið eggin. Var það vel gert?" Átti hann að gera það? Við skulum öll segja nei. Það er illa gert að taka af nokkrum dýr-anna og misþyrma þeim.
Hvað haldið þið að lóunni hafi orðið við, er hún kom að tómu hreiðrinu hún hné niður og var þegar dauð, svo mikið varð henni um eggja-missirinn. Við skulum hafa tryggan félagsskap með að svifta ekki fuglana eggjunum sínum, því það er engin gæfa að taka egg frá fuglum, við ættum að minsta kosti ekki að hafa ánægju af því. Við þessir eldri og reyndari skulum brýna það fyrir þeim yngri að fara ekki að dæmi unglingsins í sögunni því afleiðingar eru okkur kunnar

Steinn



## Reykið ekki

Stúlkurnar segja að það sé í fylsta máta óþverralegt og ósiðlegt að reykja og getum við vafalaust öll sagt hið sama. Það er fjarska mikið van-sómi fyrir yngra fólkið að sitja púandi og eitra andrúmsloftið með tóbaksreyk.
Hvaða áhrif hafa svo reykingarnar á okkur? Tóbakið skemmir hörundslit þeirra er neyta þess, og þar að auki eyðileggur það taugarnar, sjónin dofnar og hvort sem það er karl eða kona verður það latar til handa vinnu. Þar sem ungar stúlkur reykja verður iðjuleysi því brátt sem fasta,
Reykingar hafa yfirleitt skaðleg áhrif bæði á sál og líkama, og þó sérstaklega á sjónina, verður þess brátt vart ef lesið er, skrifað, eða saumað í höndum sér. Augun eru þá eins og límd saman að morgni. Þola illa ljósbirtu og sólarbirtu. Slímskinnan í augunum verður rauðari en hún á að sér. Hvormann

prutnu. Vit komanda finst vera
eins og sandkorn eda tár í augunum
Alt á þetta því miðar til tóbaksreykingamenn
rót sína að rekja.
Koru félagar reykit aldrei fyrsta
vindlinginn. Þá munuð þið verða
nýtari menn í félaginu —
Steinn



# Skemtanir.

Það hefir verið venja, að geta hér
í blaðinu eitthvað þeirra skemtana
sem fél. „Vorsi" hefir haft með höndum
en því miður hefur fallið úr hömlu
að geta þeirra þetta síðast liðna ár,
enda hafa þær ekki verið margar, saga
þeirra er ekki löng, þegar sjálfir skemt-
iðirnir eru ekki raktir.
Jeg ætla því aðeins að minnast á
hvað þær voru margar og á hvaða
tíma þær voru haldnar.
Jeg tel skemtanirnar frá aðalfundi
1930 til aðalfundar 1931, því það er
talið starfsár félagsins á milli aðalfunda.
Skemtununum bles ekki byrlega
fyrri hluta starfsarsins. Þegar leið á
veturinn í fyrra vetur kom skemtinefnd
saman um að æfa og sýna sjónleik
sem var bónarð Gvendar á Bjarfelli
en sú hugmynd náði aldrei að verða
að veruleika, hún strandaði og var þar
með úr sögunni, en það varð nóg

til þess að tefja fyrir svo að engin skemt-
un varð fyr en á Sumardaginn fyrsta
þá var haldinn skemtun, en ágóða skemt-
un var það ekki fyrir félagið því aðgang-
-ur á skemtunina var ekki seldur.
Nota skemtun var hið sameiginlega varmið
félaganna. U.m.f. „Von" og U.m.f. Kaldskoppi
þessi skemtun var og hefir verið að gangs
-frí. En til þess að standast reksturskostn-
-að þessarar skemtunar, sem tölu vert
hefur verið mikill árlega, hafa félaginn
haft merkja-sölu og þannig haft talsvert
upp, en að þessu sinni varð víst tals-
verður halli, því segja máli að kostn-
-aðurinn keirði fram úr hófi.
Þriðja skemtunin var tombóla
Var hún haldinn um vetur nætur,
voru drættir um 100 sem flugu út
og fengu færri en vildu, það var fyrst
ágóða skemtunin á árinu.
Svo líður veturinn til jóla. á annan
jóladag stofnar félagið til jólaskemtunar
fyrir börn, hafði það stofnað til jólabor-
ðs og bauð það öllum börnum úr Stíflunni



sem eldri voru en 2 ára, um 30 börn
komu, var þeim veitt ýmislegt sælgæ
góðgæti, svo sem, epli, brauðmyndir,
brjóstsykur, vínber, karamellur, og konfekt
held jeg að þau hafi öll farið af þessari
skemtun glöð og með hlýjar endurminn
ingar í huga, um kostnaðar upphæðina
er mér ekki kunnugt.
Um nýárið 1931 fór félagið að æfa leik
sem heitir Falska frænka, - öðru vísi
fór með hann en bónorð Gvendar. sem
fyr var mynst - nú hratt nefndinn
leiknum í framkvæmd, var hann
sýndur stuttu eftir nýár, þá tvisvar
sinnum að töluverðu fjöl menni
viðstöddu, varð það því talsverður
tekjuliður fyrir félagið.
Jeg hefi nú mynst lítillega á þær
skemtanir sem félagið sjálft hefir haft
með höndum. - auk þess hefur
lestrar félagið haft skemtun hér
og drengja málfunda félagið Vísir
aðra skemtun. Þar sem þetta yfirlit
er gripið eftir mynni getur vel

verið að jeg hafi gleymt einhverju, sem
fram hefði þurft að taka.
Það hefði kanske átt betur við að
jeg hefði skýrt greinilega frá út-
-gjalda og tekjulið skemtananna, en mér
fanst það óþarfi, því reikningar fjelagsins
sýna það. Jeg aðeins hripa þessar línur
til þess að það sjáist í Mána framvegis
að það hafi þó ekki með öllu verið
skemtanalaust á árinu 1930 —

Gunnlaugur Jónsson

— Kveðið í afturelding —

Nóttin líður furðu fljótt;
fjörið verður nýtur,
blánar fyrir degi, brátt
drauma þengi slítur —

X

Hannes

## Við þökkum.

Það er vert að geta þess sem gert er.
Við ungmenna fjelagar viljum gjarnan
votta þökkir okkar, þeim utanfjelags m.
sem veitt hafa fjelaginu okkar hjálparhönd
á liðna árinu.
Við erum ekki enn svo sjálfstæðir að
við getum, án styrkst frá utanfjelagsmönnum
hrynt áhuga málum okkar fram til sigurs
við höfum því oft á þessu ári eins og
fyr, þurft að biðja um hjálp, utan fjelags
hringsins og sjaldan þurft að fara til baka
án bænheyrslu.
Sjerstaklega vildi jeg þakka Jóni bónda
í Tungu fyrir hve vel hann studdi
~~fjelagið~~ tekjuhlið fjelagsins, með því að
lána því engi til heyskapar og torfristu
fyrir mjög lítið gjald.
Þá vildi jeg þakka stúlkunum
Magneu Þorláksdóttur og Sóleyju Jóhannsd.
fyrir þá ágætu hjálp. er þær veittu
fjelaginu með ~~því~~ þátttöku sinni
í sjónleiknum er fjelagið hélt eftir

ára mótin. Lögðu þér oft á sig vökur og langar göngur til þess að sækja æfingar og vildu engan bagum taka fyrir. Margir fleiri hafa reynst vel þegar fjelagið hefur leitað hjálpar, bæði með að lána ljós áhöld efni í leiksenu sìðast sem Anton bóndi á Nefstöðum lánaði, Spilurum sem hafa oft spilað fyrir dansi, og ekkert tekið fyrir og margt fleira mætti telja þannig upp.

Fjelagið þakkar öllum þessum mönnum körlum og konum fyrir hjálpina og vill muna eftir henni í fram-tíðar starfsemi sinni —

Páll Sigurðsson

„Máni" Kátur

Mörg er rituð greinin góð
geymi jeg þér, og bögur
Æfintýri ástar ljóð
Ótal drauma og sögur
Þ.

# Bref kafli úr Fljótum árið 1945

Þú getur nærri hvort jeg hef ekki orðið glaður, þegar jeg með tók bref þitt, eftir að hafa ekki fengið línu frá þér eða neitt um þig að vita í 15 ár. Já það gladdi mig að vita þig meðal hinna lifandi — og það gladdi mig líka ósegjanlega mikið að þú segist nú vera kominn alfarinn heim til Fróns — já það var gleðilegt ekki veitir föstur jörðunni af sínum fáu börnum.

Þú manst þegar við fórum úr Fljótum þegar útþráin seyddi okkur út yfir hafið. Við ætluðum ekki að fara til baka aftur heim í fásinnið, heim í hið ápalandi andrúmsloft, sem við kölluðum svo.

Við skildum á Englandi, Jeg fór til Hafnar þú til Ástralíu. Síðan höfum við ekki sést eða skrifast á. Jeg hugði að una ~~þar~~ hag mínum, í Höfn og bíða þar. Heim. Jeg var þar í 5 ár þá löng ár — Jeg ætla ekki að lýsa líðan minni þar með eigin orðum

Heldur taka mér við Huldu í mun
„Þótt leið liggi um barzir.“
Með ljómandi skraut
Kýs heimskirpmið hjartað
Og hvers sem þar naut
Sem himin kyrð helgað
Allt huglúft þar var
Þótt farið sé fjærri
það finnst aðeins þar
Heim, heim
hve ljúfan heim!
Ei átthögum líkist
neitt annað í heim ——
Óg útlægur unað við fegur ei fá
'Ó gef mér, minn sólkyrra
sveitlaga bæ
Þar smáfuglar sungu
'Ár ótta sinn óð
Hve elska ég bernsku
heimi frið og þau góð,
Heim, heim
hve ljúfan heim
Ei átthögum líkist
neitt annað í heim —

Og nú er jeg kominn heim, heim í gömlu Fljótinn, heim til fjallanna og vatnanna minna —
Nú verð jeg að segja þér eitthvað úr Fljótum — Þú manst eftir dimmu haustnóttum, þegar við varum að flytja sláturfjár afurðir heim á hestum frá Haganesvík eða Siglufirði, þegar maður gat átt á hættu og oft kom fyrir að lestin lá á kafi og baggarnir ultu eins og hniklar út í loftið og menn urðu að þreifa með höndum og fótum í nátt myrkrinu til þess að finna brússin. Nú er þessi tíð liðin hjá
Nú er ekki einasta kominn ~~til~~ akvegur úr Haganesvík til Sarasat heldur og einnig úr Siglufirði og einnig er kominn akvegur yfir Lágheiði til 'Ólafsfjarðar.
Nú þarf ekki einhverkinn að eyða heilum degi til að sækja ein hest-burð til Haganesvíkur. Nú þarf ekki annað en síma ~~hvort~~ maður vill heldur til Hv. Sglf. eða Ólf. Sjá það er eins og

i austlenska ofanlyrinu, það er þegar kom
á staðinn. Því vitanlega liggur út
byggjari frá hverju býli að aðal brautinni
Við hvern bæ eru komnir stórir
matjurta garðar, einnig eru þar og
snotrir trjá og blóma garðar. Jeg hygg
á fá býli þurfi að sækja matjurtir
út fyrir sveitina. Allstaðar eru komin
rafljós, að jeg ekki tali um útvarp
það er nú svo sjálfsagður hlutur
og mjög víða er sími.
Alltaf er verið að nema hér land
eyði kotin byggjast, þúfum bylt og
mýrar skornar niður,
Þér mundi gefast á að lítast ef þú
kæmir á Bröttubrekku í júl. mánuði
Þar með fram veginum (það er segja
gamla veginum því nú er búið að
færa veginn- er búið að brjóta heil
mikið land girða það og eru þar
nú ræktaðar kartöflur. Þessa stóru
kartöflu garða á ungmenna felagið
„Von" En á lóðinni kringum
Miðgarð hefur það blóma og trjágarð

Annar stórtór kartöflu reitur er
sunnan í Hverhólnum hjá Reykjarhóli
þá garða á Ungm. f. Holtshrepps.
Að þessu má segja að ungmenna felaðið
sé eitt; en það starfar í 2 deildum.
en lýtur einni stjórn—
Við Gilslaug er búið að reisa stóran
myndarlegann alþýðuskóla. hann
starfar í 2 deildum. önnur fyrir ung
linga hin fyrir börn- hverri deild
er skift í 2 bekki. Þar starfa 4
kennarar allt ágætis menn. Laugin
er notuð til hitunar. en Rafur magn
frá Skeiðsfossi til suðu og ljósa—
Laugin er yfir-byggð svo hægt er
að kenna sund yfir veturinn—
Manstu eftir þegar við vorum
í ungmenna felagi Holtshrepps og
vorum að hlaða torfgarðinn fyrir laugina
þá þá drógum við kerruna með
mölinni í á sjálfum okkur. ekki
dreymdi okkur þá að svona mundi
verða orðið breytt þetta ár 1945—
En raulaðu í þess stað vísuna 5 G.S.

Löngum var jeg lóbenir minn o. s. f.
Margt fleira er hér vert að vinna sem til framfara horfir- og mætti rita um, en læt þetta nægja í bráð — Jeg veit að því segir að þetta sé bábilja ein eða drau draumar. jeg ætla ekki að þrátta um það, komdu og sjáðu reyndin er ólýgnust! —

H.

2 Gátur
Hvað heitir fugl sá fljóðum hentugur, gadda hefir 2 í gegnum sig rekna, einnig tungu sporð, tíltan við rófu. Dillar hann henni á drjúgum bardar, Hallinn stóð hefir sá vangi, í kring þeim fleggir og kostir gleggiri, fæða hans reiknast fiður af dorra, sem bræður tveir tusbast um áður, Dregst hún aftur út hjá vöngum. Hann týnir þá öllum innyflum sínum. Fótum er troðin þá fæðu skal neyta. Dansar þá fyrir dindil bændinn. Skrýðist honn belti af skeggi miðjungs upp er nú talið áttu að ráða —

Fæddist í heimi fjöld var ótalin gagn er gleði manns, gnótt var stýður Flytja oss farlög af fósturjörðu, heims um álfur yfir haf og lönd. Ákvarðaðar um yfir liðar dagur dóms, svo að dufti verð-um. Gína þá að oss með grjótkasti fossa föll freiðandi vatna. Endur nýjum að af-stöðnum dómi og um myndanir ýmsar fínum, heitum úr sloppinn hreinsunar eldi, er girnast hvervetna gumar og fljóð. Glatt þá oss mengi gisting býður og haverklega til húss inn leiðir. En um leynigöng logs út þaðan. vettugi veit vor út förum. Slík eru æfintýri orlaga varra undir ráðgátu rúnum falið —

Mœni óskar eftir ráðningu á þessum gátum í næsta blaði

Ritstjóri Hannes Hannesson

# „Máni"

3 tölublað. 10 árg. 17 februar 1931

Útgefandi. ung.m. f. „Von"

Ritnefnd { Hannes Hannesson
Gunnlaugur Jónsson
Kristjón Sigurdsson

## Aðalf. skemtun U.M.F. „Von" 1931

Mér finst nauðsynlegt og sjálfsagt að hverra skemtana sé mynst sem felagið „Von" á hlutdeild í. Bæði til þess að forða þeim frá gleymsku og einnig til þess að sýna að meðlimir þess hafi ekki altaf setið auðum höndum á liðnum árum. Þess vegna datt mér í hug að hripa nokk-ur orð um skemtunina, sem haldin var í sambandi við síðasta aðalfund og biðja Mána fyrir þau fáu mynn-ingarorð. Því hann á langa lífdaga fyrir höndum og geymir vel það sem hann er beðin fyrir.

Aðalfundarskemtun U.M.F. „Von" var háð að Miðgarði. Að kvöldi þess 31 januar Það var boðsskemtun að því leyti að U.M.F. Hollshrepps var boðið. en annars voru allir velkomnir og höfðu frían aðgang. Veitingar voru seldar á staðnum Gestir voru sæmilega margir. fæstallnir hefði komið þá til þess að hlusta á dagskrá fundarins og einnig að njóta þeirrar gleði sem þarna mundi verða á boðstólum. Veðrið var líka hið ákjósan-legasta. Heiminninn heiðar alsettur blikandi stjörnum og norðurljósum. Tunglið í fyllingu ríkti einsog valdug jöfur í hásæti og sendi geisla síðar til jarðarinnar lýsandi öllum sem á ferð voru þetta um rædda kvöld.

Fyrsti liður skemtunarinnar var aðal-fundurinn fór hann fram undir stjórn formansins Páls Sigurðssonar. Skýðir ekki að rekja ítarlega dagskrá hans hér. þar sem fundargjörðin skýrir sérhvern lið

sem þar fór fram. Aðeins skal þess
getið að blaðið var reglulega vandað
að frágangi og efnismikið og eiga þeir
þökkir skilið sem studdu að því að
mani gæti litið sómilega út. við þetta
tækifæri. Sérstaklega fanns mér kvæði
eftirtektar vert frá árinu 1945. hefur
höfundi þar vel tekist að færa fram
í dagsljósið fagrar og háleitar hugsjónir
viðvíkandi Fljóts-sveitinni, væri ósk-
legt að félagið von gæti á einhvern hátt
létt undir með að brjóta þær fram til
sigurs. — já það væri vel farið.
Í lok fundarins var sungið kvæðið
„Hvað er svo glatt" tókku margir
undir bæði félagsmenn og gestir
og jafnvel þeir sem ekki voru hár
vissir með tóninn. Að þessu loknu
fór að koma hreyfing á manngrúann
Ungmennafélagar Holtshrepps settust
að drykkju og var þeim veitt bæði
kaffi og súkkulaði á samt nógu brauði
Þá var og farið að dansa, flokkaði
unga fólkið sig saman á gólfinu mitt



þar sjá fiman fóta burð þar sem dans-
inn var stiginn eftir hljóðfæris tónunum
sem ómuðu um salinn. eftir að hafa dansað
í nokkurn tíma, var Hvats hljóðs fær þá fram
ræða hjá Sigursteini Magnússyni kennara
í Holtshreppi var hún um skeppstrur, gekk
hún út á vermdum og með því málleys-
ingja sem oft hafði verið mjög ábóta
vant allt fram á þennan dag, en sem
fara menningu færi þetta þó óðum
batnandi. bar ræðu maður fram það
mál að efnt yrði til hesthús bygg
ingar á Haganes vík á næstu árum
Vildi hann að ungmenna félaginn í
sameiningu tæki þetta mál á dag
skrá sína. Ræða Sigursteins var ágæt
þarfir þetta byggingar mál til sveitar
þrifa og verður eflaust gaumur gefinn
sem nauðsynlegu fyrir tæki. Bóndur
í Stíflu geta best borið um það og vita
hvað það er að koma með þreytta og
sveitta hesta til Haganes víkur og þurfa
að láta þá standa úti hvernig sem
viðrar meðan viðdvöl er.

Getur það auðveldlega gert skepunum
meira ilt en margir athuga. Seinna kom
svo Sigursteinn fram með skjal sem
á skyldi safna undir skriftum að fé
gjöfum og dagsverkum til byggingarin
að rótunni endaðri las Steinn Jóns
í Hring upp sögu og skrítlur úr nýju
Kvöldvökunni. misti það ekki mark
hjá áheyrendum sem hlógu dátt og
gáfu í ljósi hrifning sína með dyn
-andi lófaklappi – eftir þetta var
dansað í langan tíma; fleldur voru
nú dömurnar fáar aðeins 1/3 hlut
móti karlmönnunum þeir sem
ekki dönsuðu huggudu sig við spil
eða pípur þáitidu þeir frá sér
reykjar strokunum beint út í loftið
eins og þeir vildu með því fullyrða að
enginn væri maður nema hann
reykti. Þá talaði formaður U.M.F
Holtshrepps Ólafur Arngrimsson
nokkur orð þakkaði hann bæði með
velvöldum orðum. og óskaði vonar fé
langra lífdaga og gæfu og gengis í fram



tíðinni að endingu bað hann alla félaga
sína að standa upp og hrópa þrefalt húrra
fyrir minni félagsins. Vón var það einkan
legur samsöngur þegar allar raddirnar
runnu saman í eitt. að þessu loknu
var dansað alt þar til hjárnaði af degi
og nokkurt fólk var til að halda skemt
uninni á lofti. Það er nú þegar búið
sem jeg set á pappírinn um skemtun
þessa og veit jeg að sumum finst
mörgu gleymt sem hefði mátt mynn
ast, það viðurkenni jeg líka fúslega en
er þó nokkur vorkun þar sem jeg
vildi forðast skáldrím.

Kristján Sigurðsson

## Skólalífið í Haukadal (Framh. af Ferð...)

Við sváfum vel fyrstu nóttina í Hauka-
-dal Ferðin hafði þreytt okkur svo mik-
að draumguðinn fékk ekki raskað ró(sem)
svefnsins sváfum því draumlaust þó
við ætluðum að láta okkur dreyma mik-
og merkilegt. Því gamlir menn segja að
mark skuli taka á þeim draumum
sem manninn dreymir er hann sefi
í fyrsta skifti í ókunnum stað.
Eftir að hafa drukkið kaffið um morguni-
sem alt einkennilegt bragð var að
~~kl~~æddum við okkur. Veður var hið fegur-
a útsýni því gott, en við vorum átt-
viltir og gátum því ekki flokkað út-
-sýnið eftir áttunum, við hættum því
fljótt að þrátta um áttirnar, en ákváð-
að skoða það sem næst var. Íbúðarhús-
húsið er alt úr timbri einlyft járnvarið
og með miðstöð í ofnana rennur heitt
vatn sem leitt er úr hver sem liggur
c. 100 metra fyrir vestan húsið, úr
ofnunum ~~b~~ rennur svo heitavatnið
í stóran blikkpott sem er í lagínu



líkastur eldavél. Hann er líka eldavél
þó eldsneytið sé ekki annað en heita vatnið
Potturinn er með 3 hólfum fyrir potta
og kommur sem maturinn er soðin í —
úr pottinum rennur svo vatnið eftir
pípu ~~xxx~~ inn í leikfimis húsið sem
stendur rétt austan við. Það er einlyft
úr tré járnvarið með steyptum grunni
Húsið var í smíðum. heyrðum við þá
an högg og gengum inn. 2 smiðir
voru þar inni að setja hvelfingu í hús-
við gáfum okkur á tal við þá og spurðum
að heiti. ~~hete~~ Heitir annar þeirra Sigdur
Sæmundsson úr Biskupstungum
ungur maður, en nafn hins man eg
ekki það var aldraður maður ættaður
af Stokkseyri. Þeir sögðu okkur átt-
irnar og margt fleira sem við spurð-
um um. Menn þessir dvöldu
eitthvað um ½ mánuð eftir þetta
í Haukadal og urðu upp á hald okkar
skólapilta því þeir voru mestu
drengjar. Við yfirgáfum nú smiðina og
fórum út um austur dyr leikfimis hússins

(Komum inn um Vest...

Rétt við dyrnar liggur sundlaugin, hún er úr
steini 20 m. á lengd og 8 m. á breidd, djúp
í annan endan en grunn í hinn. nú var
hún tóm og því ekki hægt að bleyta sig
í henni. Skamt fyrir austan laugina er
fjósið, hesthúsið og heyhlaða ásamt geymslu
fyrir kartöflur og rófur sem grafnar eru
niður í gólf geymslunnar. Við yfirgáfum
nú byggingarnar og lá þá næst fyrir að skoða
hina dásamlegu hveri, sem liggja í dyg
tali vestan við skólann, Mest ber á Geysi
hinum volduga hvera jöfur, sem eitt
sinn var frægur fyrir gos sín, þessi hom
hleypa sem sagt er að gosið hafi 30 m
í loft upp. liggur nú sem viðjum bund
inn innan múrveggja sinna sem hlað
-ir eru upp af ljósleitu hverahrúðri.
Geisir er nú líkastur litilli tjörn. Í miðj
hans sést blátt djúpið en botn hvergi.
Við yfirgáfum nú Geisir og skoðuðum
hina hverina sem eru líkir hver öðrum
Girt er í kringum Strokk, mun það
gjört vegna þess að vatnið hefur lækkað
að mun í honum og bakkarnir klökn



grasi, getur hann því verið all hættu legur
skepnum. Á c 15–20 dagslátta stóru svæði
liggja margir tugir hvera.
Landspildan sem hverirnir liggja í
er að mestu gróðurlaus sandur blandaður
hvera hrúðri. Víða vall og sauð undir fótum
okkar og var ekki laust við að hroll færi
um okkur þegar við gengum eftir sand-
-inum. Heima fengum við að vita um
nöfn á hverunum. Heita þeir ýmsum
nöfnum svo sem Geisir, Strokkur, Blesi
Fata o.s.fr. Frá hverunum gengum
við svo heim. Umhverfis skólann
er afgirt landspilda, sem í framtíðinni
á að verða tún. Var búið að brjóta hana
að mestuleiti en lítið orðin gróin.
Jarðvegurinn er afar snauður að næringarefn
um. því alstaðar er hvera hrúður.
Þess ber að geta að Skólinn stendur eigi
heima á hinu forna höfuðbóli Haukadal
-um. er sirka 25 minutna gangur frá
skólanum upp að Haukadal. Þar stendur
kirkjan sem mjög er orðin gömul og
hrörleg eins og bærinn. Þar hefur

Sigurður fjenað sinn á vetrum nema kýr hefur hann heima. Vitt sér yfir frá Haukadal því ekki skyggja fjöllin á við vorum nú ekki staddir í norðlensku dölunum þar sem hyrnur og hamrafell hafa útsýnið á valdi sínu.
Í norðri liggur Bjarnarfell nær þá alla leið vestan frá Brúará og austur að Haukadalsheiði. Sunnan hlíð fellsins er öll ósliteinn skógur, misjafnlega stár vaxin skógurinn nær alla leið austur á heiði Lengra sáum við ekki til norðurs.
Í norðaustri er Bláfell og fleiri fjöll sem liggja fram á afrétt Tungnamanna.
Í suðri og vestri liggja víðáttu mikl ásar en fjöll sjást Sama og engin.
Eftir að hafa yfirvegað þetta alt saman fanst okkur að ekki mundi yfirbúningur skólans skapa mjög há vaxinn gróður á akri minninganna.
Slíkan gróður verði skólalífið sjálft að skapa nemendur og kennarar. Vonlaust við þess líka að svo yrði. Sú von brást heldur ekki eins og þið fáið seinna



að heyra. Fyrsti leið nú fyrsti dagurinn okkar í Haukadal. Daginn eftir kom Sigurður heim, fengum við þá nægilegt að starfa. Við Tryggvi sáttum fyrða kistur okkar og flutning fyrir Sigurð.
Greipur Ketilsson sem fyr er nefndur fór með okkur, við lentum í myrkri og urðum að fá fylgd yfir flóann því Greipur var mjög þólinn og fekk ekki til að fara á undan. Heim kom umst við þó um kvöldið. Næstu daga var ágætis tíð bændur áttu hey úti þó komið væri fram að mánaðar mótum október og nóvember.
Sigurður átti töluvert hey úti gengum við að því að þurka það og koma því heim. einnig gerðum við við baugina smíðuðum rúm og borð. og lögðum yfirleitt hönd að því að koma í framkvæmd því sem þurfti að gera áðar en skólinn tæki til starfa.
Á hverjum degi komu nýir félagar var hópurinn orðinn all álitlegur enda átti, nú að setja skólann næsta dag—

Framhald

# – Brot – Fyrir 70 árum

Á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar er vík eða fjörður sá er Fljót er kallaður. Það er sveit ekki allstór, en þó hafa þar löngum verið efnamenn, og rausnar bændur, enda er sitt stórbýlið hverju megin fjarðarins. Haganes að vestan en Hraun að austan. Sveitin snýr á móti Íshafinu og liggur allnorri kuldabeltinu; enda er veturinn þar réttnefndur heimskauta vetur, en sumar eftil vill lengra. Það er því ekki frumskógar eða blómagrasa þyrpingar er prýða sveit þessa og auðga bændurna. Að sönnu getur þar orðið grasvöxtur engu minni en annarstaðar hér norðanlands, og er þá yndi að sjá yfir sveitina einkum í heiðskýru veðri því að þá er eins og engjarnar fagurgrænar, myndi alla vega lagaða umgjörð kringum fagra myndir, en þannig sýnist hin miklu stöðu vötn, sem eru til og frá á láglendinu, en í þeim speigla sig hlíðarnar í kring, með þokubólstrunum sem hafgolan rekur um fjalla brúnirnar.



Líta þeir stundum út eins og afar stórar ófreskjur sem synda inn vötnin með geysi hraða, svo manni kemur ósjálfrátt í hug landsvætta trúin gamla, en þess á milli leikur sólar geislinn sér á smá öldunum sem norðan gráðið reisir; teygja þær silfur faldaða kollana upp á hann, en hann stígur af einum kolli á annan langtum léttilegar en Ólafur Tryggvason á árarblöðunum. Af því sem að framan er sagt má geta því nærri að það er ekki kvikfjárræktin, sem hefur reist stórbýlin í Fljótum, enda þótt hún hafi lagt sinn stein í þá byggingu. Sama má segja um æðar varpið sem er þar töluvert bæði í hólmum í vötnunum og í nesjum sem inn í þau ganga.

En það er sjórinn, þetta afar stóra og auðuga forðabúr Íslands sem hefur auðgað Fljótamenn það væri líka synd að segja að þeir þekktu ekki Ægir gamla og þó hann tæki ekki öllum eins og ásum forðum þá fyrtir hann ekki Fljótamenn þeir gera þá ekki annað en rausa

stöku Breidfjörs. „Jeg er eins og veraldi vill
velta kalur hljóður, þegar vid mig
er hún ill – ekki er eg heldur góður –
Ein og nærri má geta hafa ýmsir hér
borid hærri hlut. Margur hraustur dreng
fengið kalda söng í hinum votu bárum
og mörg grátandi ekkjan reynt að
hugga sín föðurlausu börn, bædi mär
og ung. En þrátt fyrir það munu þó
Fljótamenn hafa borid sigur úr bitum
lítur því svo út að Ægir karl meig
segja „Enginn má vid margnum.

HH



## Hantar!

Fyrst jeg hef ekkert að gera þessa stundina
þá tek jeg mér penna í hönd og rita –
Ekkert að gera segi jeg, þarna lýg jeg nú
upp í opið gedið á ykkur elskan legir. –
Jeg hef mikið að gera já afskaplega mikið
Allir hafa mikið að starfa, annað hvort
með heila eða höndum eða hvortveggja
í senn. Lífið er og verður að vera einn
óslitinn vinnu dagur, fyrir þann sem vill
vera sjálfstæður í orðum og athöfnum
engin stund má líta ónotuð.
HH Til þess að líkaminn og lífið geti
haldist við þurfum við að taka til okkar
fæðu, þetta vita nú allir að svona verður
ur það að vera, en af því að það sem til
þess þarf að viðhalda lífi voru liggur
ekki í loftinu. svo vér þyrftum ekki
annað en að rétta út hendina og grípa
matinn og koma honum í munninn
þá verðum ver að leita erfiði til þess að
ná í hann. að þessu göngum við ekki
gruflandi. því Guð sagði við manninn
þegar eftir syndafallið: í sveita þíns
andlits skaltu þíns brauðs neyta

Þad er: ad þú verdur ad vinna til þess ad
afla þér fjár-muna til ad framfleyta þér og
þínu skyldu-lidi: Jeja þad hefur nú verid
bent á þad ad vid haldsvördur lífs vors
lagi ekki í loftinu og vér getum ekki
gripit hann svona fyrir hafnarlaust
þess vegna verdum vid ad vinna og
þad gera nú flestir eda allir, enginn
lifir ydju-laus – En spurningin er getur
vit ekki notad tíman betur en vid gerum
oft og tídum. Þad er enginn vafi á því
Vit vitum þad víst öll ad Sálin rædur
athöfnum líkamans, líkaminn er adeins
vél, en vélmeistarinn sem stýrir og stjórnar
vélinni er andinn. og vid vitum þad líka
ad eftir því sem vélmeistarinn hefur
meiri þekkingu á sínu svidi. eftir því
er hann færari um ad stjórna vélinni;
en vélar eru svo gerdar ad þær vinna
adeins einhlída stárf, eda eina tegund verka
en manns líkaminn skal inna margar
tegundir verka, hann er margbrotnasta
heimsins vél, en eftir því sem vélin er
margbrotnari þarf vélstjórarinn ad hafa



vídtækari þekkingu, af þessu leidir ad
eftir því sem manns andinn hefur meiri
þekkingu eftir því getur hann framkvæmt
ad fleiri tegundur verka á sem léttastan
hátt, þetta er augljóst hverjum einum
einasta manni, og eins hitt ad andans
atgjörfi hefur vanalega meira ad segja
en líkamskraftar, af þessu flýtur ad
öllum er naudsynlegt ad audga anda sinn
ad sem vídtækastri þekkingu, og þad
getur hver ef hann hefur vilja til þess
og á ekki ~~vid~~ beinlínis vid þad, ad þad sé
svo ómissandi ad fara í skóla. nei
þad er fleira matur en feitt ket; enda
svo dýrt ad fjöldinn hefur ekki rád á því
Holt er heima hvat: segir máltækit
Þad er einmitt þad sem menn þurfa
ad athuga. alstadar er hægt ad fá gnægd
bóka ekki einasta sögubóka, heldur
líka bóka sem skrifadar eru ~~med~~ í
þeim tilgangi ad fræda menn um
þad sem kemur ad beinum notum
í lífinu. hvad helst sem matar vill
líka fyrir þessar bækur eru afar

fyrir alla fróðandi og mentandi. Þær eru að vísu dýrar og því erfitt fyrir fátæklinga að veita sér þær. en hér er lestrarfélag og það er einmitt það sem á að kaupa inn þessar fróðu bækur. Skyldu menn ekki hafa meira gagn af að lesa Vinnuna eftir Guðm. Finnbogason heldur en eitt hvert skáldsagnarusl sem oft er ekki annað en sorinn úr bókmentum þjóðanna. Jeg tek þetta sem dæmi. Er það ekki ~~hart~~ hábrámlegt að lestrarfélagið skuli ekki kaupa nokkurt tímarit. að vísu kaupir það tímaritið Skírnir- en svo er líka upptalið. Við þurfum að fá bækur úr Fróðafélaginu, Söguféláginu Þjóðvinafélaginu, í einu orði sagt allar þær bækur sem fræða okkur um högi lands og þjóðar, og geta gert okkur að víðsýnni og meiri og betri mönnum.

H.H.



Sveitin mín.

Þú ert mitt óðal mín ástkæra sveit
mitt óðland og framtíðar saga
Í armlögum þínum þá ljósgeisla eg leit
sem lýsa um ókomna daga.

2 Og munum er sterkur að vinna þér vel
ef vitið og kraftar ei dvína
Með öruggum huga þér framtíð ég fel.
og fegurstu vonirnar mínar

3. Vermandi ylgeislar, yngi þinn hug,
frá ársólar brennandi vanga,
og sívakin holskefla, sendi þér dug,
er sundar. við flúðir og dranga

4. Þú átt nú svo fjölmarga öfluga hönd
~~sem~~ er auðnu og hagsýni stýra,
sem vinna eftir megni að brjóta þín bönd
og byggja þér minningu dýra

5. Bros þú sem drottning við bölsýn ei mæð,
hin bjartasta framtíð mun skína
það gull sem er fólgið skal grafa úr leir
og greypa í söguna þína.

H.H.

Ritstjóri Hannes Hannesson

## Hvað er framundan

Það er okkur öllum ljóst að felagið „Von“
hefur afsalað ser eignar retti, á húsi því er
er það reisti og ætlaði sér til afnota – um það
er þinglesinn samningur. Hitt er ef til vill
ekki öllum eins ljóst, hvað við höfum mist
og að hverju stefnir. Eftir samningnum
höfum við að vísu húsið til afnota til eigin
þarfa, en ýms atriði eru þó í samningnum
sem hefði þurft að taka skýrara fram
Eg er að vísu ekki hræddur um að það
tvíbýli, sem nú er í húsinu komi að
sök okkur til stór-skaða, meðan sú stjórn
sem nú er við völd í hreppnum situr –
En þó getur mér ekki dulist að við
höfum nú þegar talsverðan halla af þessu
tvíbýli, og mér dylst ekki að ef felagið
á langa framtíð fyrir höndum þá verð-
-ur hallinn meiri – Setjum svo að leika
ætti, sjónleik sem væri nokkuð, sem væri
nokkuð umfangs mikill, þyrfti töluverðan
undirbúning og leiktjöld þyrftu að vera
uppi nokkurn tíma, þá sæi felagið fyrir hvar
það væri statt. Eins og nú hagar til getum



við ekki haft tjöld uppi lengur en eina viku
aldrei þarf að hugsa til lengri tíma, nema
ef vera skyldi um jól ef hægt væri að haga
því þannig. En svo getur líka farið að þessi
tími verði styttri. Það getur vel komið
fyrir í framtíðinni að hér verði kent annan
hvern dag – Setjum svo að bygð yrði
skólahús í Niður-Fljótum. Þá mundi það
verða bygt framar en þar sem skóla setur
er nú, Gæti þá svo farið að kennara yrði
gert, að skyldu að sitja svo í sveit að hann
gæti kent sinn daginn á hvorum stað.
Þá hvar stæði felagið þá – því ríkari er
eign en umboð, aldrei gæti komið til
mála að felagið gæti rekið skólann úr
húsinu. Nei það yrði felagið sem mætti
víkja. En þó nú að þetta komi aldrei
til mála. Þá sjáum við og finnum hve
óheppilegt það er, að þurfa að rífa „senu“
upp í einu kasti og niður aftur um leið
þetta er mikil fyrirhöfn, óþægindi kostnaður
og annað efni –
Það getur líka farið svo að felagið verði að
slá fundum á frest eða fá hús annarstaðar

og tel ég það óviðfeldið. Eftir hvern fund
sem félagið heldur, verður það að skila húsin
hreinu. Þetta er hægt að heimta, jafnvel þó
það hafi tekið við húsinu skítugu. Samn-
-ingurinn ræðir ekkert um það, að félagið
eigi að taka við húsinu hreinu, heldur
að það eigi að skila því hreinu, En
nú
setjum svo að aldrei komi upp neinn
kritur í þessu tvíbýli, og alt verði eins
og það er nú, nefnilega ágætt sambúð:
Þá samt verðum við að játa að kenslu
stofa er mjög óheppileg fyrir leiksvið
Nei eitthvað verður að hugsa fyrir fram-
-tíðinni frá því sem nú er.
Félagið verður að fara að búa sig undir
viðbótar bygginguna, og því fyr sem farið er
að hugsa fyrir því því betra. Það hefur
áreiðanlega komið í hug margra, að byggja
ætti viðbót við húsið, þannig að grafa ætti
þar niður kjallara og byggja svo ofan á
hann, brjóta dyr á norður stofninn
á sálnum og hafa þar dyr á leiksviðinu. Þetta er auðvitað kostnaðar minsta
leiðin ef hún aðeins er fram kvæman-



-leg. Til þess að brjóta dyr á stofninn þarf
félagið að fá leyfi hjá hreppnum. Spurningin
er fæst það leyfi. Við skulum vona það.
Ef þetta fyrir komulag yrði ofan á þyrfti
byggingarkostnaðurinn ekki að verða gífurlegur
Við höfum enfremur rekið okkur á nú
þegar, hvað oft eru mikil þrengsli í húsinu
þegar þarf að hafa þar veitingar, og þetta
getur auðveldlega altaf komið fyrir. Það
eru engar líkur til þess, að aðsókn á skemt
unum fari minkandi, frekar gæti maður
búist við hinu. Það er ákaflega óviðfeldið
á skemtunum að þurfa að kássa öllu í þessa
einu stofu, þar sem nærri því að segja þarf
að ganga á brandinum. Það er ekki sérlega
þrifalegt eða aðlaðandi fyrir gestina. Svo
er það líka neyðar úrræði, að þurfa að reka þá
sem eru að skemta sér við spil, í burtu
þegar veitt er og segja má að hverji sé hætt
að leggja af sér yfir hafnir eða plögg.
Þetta er nú orðið langt mál, lengra en
ég ætlaði í fyrstu, og þó er margt ósagt enn,
þessu viðvíkjandi sem þyrfti að segja, en
ég læt hér staðar numið að sinni við aðein

biðja félagsmenn, vel að athuga hvað er
framundan—

H. H.

## Ferðasaga

Vorið 1920 fáum dögum fyrir sumar
var farið með hross úr Stíflu til Skagafjarðar, því hey
lítið var víða orðið í Fljótum. Það voru 4–5 fyrir
utan mig, sem með hrossin fóru. Við lögðum af
stað heimanað kl. 10 að morgni. Veður var
gott og færi sæmilegt. Við fórum hægt stönsuðum
víða, þegar innfyrir kom, og hnottar fóru að
koma, létum hrossin fá sér hressingu og
fengum okkur einnig bita af nesti okkar
Þegar við komum inn hjá Vatni á Höfðaströnd
mun hafa verið miðnætti eða rúmlega það,
man ég það að við fórum rétt við Teigsfót að
neðan. Þar sáum við lítið torfhús og beljaði læk-
ur í gegnum það, með feikna hraða eftir trérennu
Vissum við strax að þarna var kvörn er
malaði sjálf, eða gengi fyrir vatnsafli (Mill.)
Þetta langaði okkur til að athuga fórum
heim þangað hoppuðum húsið og gengum inn
Inni var ekki rúm fyrir fleiri en 2 í einu



og urðum við því að hafa vöktuskifti, til að
fá að sjá þennan útbúnað. Ég get ekki farið
að lýsa hvernig ~~var~~ þarna var umhorfs inni—
Það þekktu svo margir frá fyrri tímum
er þannig lagaður útbúnaður var á sumum bæjum
í Fljótum t.d. Melbrygðastöðum í Stíflu og víðar
Það man ég fyrir víst að mig langaði óskøp
mikið til að gera einhvern óskunda af mér.
annaðhvort setja alt kornið úr trektinni eða
fá stoppa ganginn, sem var í rauninni meinlaust
Einar piltur Snorri Snorrason frá Steini, sem
dáinn er fyrir nokkrum árum, vildi gera slíkt
hið sama, en hinir aftóku með öllu að slíkt
yrði gjört og varð það úr að þeir réðu. Um
fótaferðar tíma komum við í Hofsós,
eða fórum þar hjá. Áfram var haldið jafnt
og þétt þrátt fyrir svefnleysi og þreytu. Um
kl 12 á hádegi komum við að Tuma~~bre~~
brekku í Óslandshlíð. Lengra fór ég ekki
og annar maður til Snæbjörn Hjálmarsson
sem nú er bóndi á Þormóðsstöðum í ~~Eyj~~
Eyjafirði. Hinir fóru eitthvað lengra líklega
fram í Viðvíkursveitina. Við Snæbjörn dvöld-
um í Tumabrekku til kl. 4 um daginn en

ekki lögðum við okkur fyrir. Við treystum á
mátt okkar og megin en öllu má samt ofbjóða.
Við gengum út í Hofsós, fengum þar kaffi
hjá Erlendi verslunarstjóra er þá var. Síðan
heldum við fram í Unadal og hugsuðum okkur
að stytta okkur leið með því að fara svo
nefnt Tungufjall. Þegar við komum að
Grundarlandi, er lítið sem á kattalíma
er þá farið að dimma í lofti og jafnvel
niður á fjöll. Við fengum kaffi hjá Sveini
Gamla, og einnig bauð hann okkur að vera
en við vildum halda áfram. Ég þóttist
viss á fjallinu þó dimdi, því jeg var dável
kunnugur. Og svo var það svo ófinnlega
legt að fara jafnlanga leið og hafa aldrei
lagt sig fyrir. Þegar við höfðum drukkið
kaffið lögðum við af stað. Þegar við
komum fram í Bjarnastaðahlíðina, var
komin logn mugga og skíðafæri hið
versta, og svo bætti það ekki úr skák
að jeg varð lasinn, það sótti mig svo mikill
þorsti að jeg fékk það ráð að troða upp í mig
fönn nokkrum sinnum en slíkt hefur
varla kott meir oniðið því að jeg varð



afskaplega máttlaus. Nú var vandi úr vöndu
að ráða, snúa við eða halda áfram. Samfylgdar
maður minn vildi snúa til baka aftur en
ég aftók með öllu, ég átti von á að mér
mundi skána aftur. Ferðin gekk seint
ég lasin og færðin ill, þar ofan á bættist
þreyta okkar beggja um kl. 1 að nóttu
vorum við komnir upp á fjall. var þá
komin mikil hríð og þó hvass af n. vestri
Ekki var álitlegt því vandratað er austur
í Tungudalsbotninn, mikil fjalla auðn og ekki
hægt að glöggva sig á neinu öðru en klettabrúnir
er liggur fremst á afrétt Flókdæla en þar sem
hríð og nátt myrkur fylgdust að var slíkt
óhugsandi, því við urðum að reka stafina fram
undan okkur til að koma í veg fyrir kletta þar
er fyrir okkur lágu, það er að segja að við færum
ekki framaf. Nú fanst mér að við séum komnir
nógu langt í austur og snúum í norður í þeirri
von að við séum á réttri leið í Tungudal,
liðandi brekka var fyrst útaf fjallinu
síðan komum við á kletta óði mikla og
leist okkur ekki árennilegt að komast niður
og vissi jeg því strags að þetta gat ekki verið
Tungudalur

Ekki treystum við okkur til að halda til baka
á brekkuna og leita á ný, heldur tókum við þann
óvænta kost að setjast að á klettunum og láta
náttúr guðinn geyma okkur. Við heldum til á af-
-skekktum kletti, sem rétt rúmaði okkur báða
Hengiflug var á þrjá vegu, svo ekki var álitlegt
Þegar við vorum sestir þarna að sótti mig
svefn svo mikill að jeg segi við Snæbjörn
Jeg verð að sofna þrátt fyrir kulda og hvað sem
um okkur verður. Hann bað mig um fram
alt að reyna að vaka, því hann hefði heyrt að
sá sem sofnaði á fjöllum uppi vaknaði ekki
aftur til þessa lífs. Eg fór að athuga þessi orð
vinar míns og fanst þá með sjálfum mér
að verða þau sönn, þá væri mikið í húfi, og ekki
held jeg að mig hafi langað til að deyja þarna á
klettinum. Við heldum þarna til í 5 kl.t. og fanst
okkur það æði langur tími, ólíkur því að sofa í
rúmi sínu undir hlýjum sængurfötum.
Okkur fanst ekki önnur leið betri en leita
að niðurgöngu og fundum við gjá er við komumst niður, þar tók við dalur, sem við
förum svo eftir, því við vissum að til bygða
lægi hann. Vont var færið í dalsbotninum



ofan á skíðum, en í hné skíðalaust eftir 4 kl
komum við að Hrótkárvöllum í Flókadal. Þar
komum við inn og fengum bestu viðtökur, enda
í þörf fyrir hressingu. ekki fann ég til þess þó
að jeg væri svefnlaus, en Snæbjörn átti bágt með
að vaka. Síðan er haldið frá Hrótkárvöllum
að Helgustöðum og komum við þar inn og
drukkum kaffi. Vorum við nú vel á okkur
komnir og fundum hvorki til svefns né þreytu
Á fram heldum við nú og komum hvergi
og laust fyrir háttatíma komum við heim
Vorum við þá búnir að vaka í 5 dægur við nóg
erfiði. Þeir sem með okkur voru uppeftir komu
daginn eftir sömu leið og við að öðru leyti en
því að þeir fóru vestar niður í Flókadalinn
ofrettina, sem er slettara niður af fjallinu.
Þessi saga er nú hvorki mikil né merkileg En
manni dettur margt í hug þegar farið er að
rifja upp löngu liðna atburði úr lífi manns
og til dæmis datt mér í hug það sem skáldið
segir: „Táp og fjör og frískir menn finnast
hér á landi enn!“

Steinn Jónsson

Ritstjóri – Hannes Hannesson

# M-á-n-i

4 tölu blað 10. árg. 14 mars 1931

Útgefandi Ungmenna f. „Von"

Ritnefnd
Kristján Sigurðsson
Hartmann Guðmundsson
Guðmundur Jónasson

## Þonta – stryk

„Það eru sólarlitlir dagar núna pilta"
sagði Skúlar Bjarn morðinginn forðum. Þannig
mætti segja um þá daga, sem nú hafa liðið
undan farið. Og veldur ei blindi af vonsku
þó við mælum slíkt. Augu okkar myndu
greina fljótt sólargeislana, þó áhrifa þeirra
gæti lítið ~~litið~~ á fannþöktu fróninu
En vesling Bjarn sá ekki sólina vegna þess
að syndir hans ~~blindaðu~~ byrgðu augu hans fyrir
öllu góðu og fögru. Nei það eru nú í sannleika
sólarlitlir dagar. Í margar vikur hefur snjóinn
hlaðið niður jafnt og þétt sjaldan sést til



sólar, og þá hefur birt upp, hefur skollið sam-
-an aftur að stuttum tíma liðnum. Í 18 vikur
hafa kindur og hestar staðið við jötuna, og
sífelt minkar stabbinn í töftum og hlöðum
og en eru 8 vikur til sumars. Átta vikur
er langur tími, ef í kjölfar þeirra sigla
fannkomu hríðar og frostheljur, sem
bægja á burt áhrifum sólar og sumars.
En senn líður þú hinn gamli grályndi
vetur. Vorboðinn veitir vald þitt og gengi
þú veitir mótstöðu í fyrstu en verður að
láta undan að lokum. Vorboðinn leysir
viðjar þínar, bræðir þína helköldu fjötra
og gefur öllu lifandi lífsafl starfandi athafna
Þó nú sé dimt yfir bæ og bygð, vitum
við að senn birtir í sólar átt, og þangað
beinum við hugsunum okkar og athöfn-
unum. Fljóta-sveitin okkar er ein hin
kaldasta á Íslandi, þar er einnatt harðast
áhlaupið háð, þá vindar og válynd veður
geysa yfir landið. Í full 1000 ár hafa Fljóta
bændurnir þurft að etja við hina kaps
fullu veðra fendur, þá slétta brotar þeirra
í öðrum sveitum þessa lands hafa getað

starfað í skjóli hins gróandi vorlífs, og vetur fyrir löngu frá þeim flúinn. En í Fljótum hefur vetur karl setið sem fastast í sæti sínu innan Fljóta fjallanna, og hrakið burt hverja bylgju straum öldu, sem gerst hefur svo djörf að ráðast á ríki þeirra. En að lokum hefur vetur gamli orðið að flýja fyrir hækkandi sól og björtum sumardögum þá er hið síðasta vígi hans fallið og hann flæmdur á haf út. Hollar vestra vættir fylla loftið lífsstraumum hlæjandi gróðurs og aldafara. En vetur flæmdur í heimstöð norður og hvílir þar um stund.

Þrátt fyrir hið mikla vetrar ríki, sem oftast liggur yfir sveitinni okkar, hefur hún fyr á öld-um verið bjargvættur annara góðviðris sveita þá harðindi herjuðu á landið. Annálar geta ei um hungursneyð í Fljótum, sem í öðrum sveitum. Heldur hafa þangað verið sóttar gnægðir matar, þó þessi saga hafi ekki endur-tekið sig á seinni árum, lifa þó enn menn í nærliggjandi sveitum, sem muna það, þegar þeir á æskudögum sínum báru á bakinu, harðfisk,



hákarl og hval yfir fjöll og firnindi úr Fljótum heim í sveitina sína, svo sem Svarfdælir gerðu. Sjórinn var þá auðsgjafi Fljótverja í faðm hans sóttu þeir nauðsynjar sínar. Það var þeirra leikur, um svartar vetrar nætur að liggja úti á rúmsjó á opnum skipum og glíma við grána, en svo nefndu þeir hákarlinn,

Mun oft hafa verið kalt í ferðum þessum

En Fljótverjar voru sægarpar í þá daga og beit hvorki á þá myrkur né kuldi. Þá skipið var fermt vitu þeir heim um víðar hrannarslóðir. En tímarnir hafa breyzt nú sést enginn hrynda skipi úr vör frá ströndum Fljóta. Þó fiskurinn liggi hálft árið á sömu stöðvum og fyr, er hann látinn afskipta-laus. Og hákarlinn hefur enn betra næði til þess að auka kynsitt, því á hann stríða nær engir, en þorskurinn á fjölda óvina meðal íslenskra sjómanna, þó Fljótverjar láti hann í friði. En er nú þetta fram för eða aftur för. Það er líklega hvorttveggja. Það eru framfarir að því leyti að mannaflinn hefur verið beint inn á jarðræktar brautina í sveitinni, er slíkt framtíðar mál.

Aftur-förin er aftur á því sviði, að harðfiskur
og hákarl finst ekki á bæjum, gengur því margur
með skemdar tennur, sem heilar hafði haft fyrir
nokkrum ára tugum. Þetta er líka móðsetn
-ing við málsháttinn „að holt sé heima hvað“
Meira þarf að kaupa í verlununum af útlendum
vörum, en annars hefði þurft, ef Fljótverjar
gætu sótt eitthvað í sjóinn, sem fyr.
En aðstaðan er nú þannig að úr Fljótum
er erfitt að reka nýtísku fiskiútgerð, þess
vegna varð sjósóknin úr Fljótum undir
í samkeppninni. Nú ber enginn frá sjónum
byrðar sínar af harðfiski og hákarli fram í
sveitina og því sitar úr öðrum sveitum
Jeg held bændur úr sveitinni ættu að hugsa
um það, hvort ekki borgaði sig fyrir þá
að fara nokkra róðra á vordaginn þegar
fiskurinn liggur upp við land.

Páll Sigurðsson úr Lundi



Skólalífið í Haukadal. (framh.)

Jeg skyldi við síðast þá flestir námssvein
ar voru saman komnir í Haukadal daginn
áður en skóli var settur, við biðum dagsins
með eftir-væntingu, því við vissum að, að
honum liðnum myndum við fá nægilegt
að starfa, bæði með huga og höndum. Ekki
bjuggumst við, við því, að yrði mikil hátíð
í sambandi við skólasetninguna, enda varð
ekki svo. Nú kom hinn þráði dagur, að
setja átti skólann, sent hafði verið eftir
organista frá Austurhlíð í Biskupstungum
skyldi hann stýra söngnum. Höfðum við skóla
piltar sótt kirkjuorgelið uppí Haukadals-
kirkju og flutt heim, að afloknum mið-
degisverði fóru allir út í leikfimishús
var þar byrjað að syngja, sungu flestir
skólapiltar. Þegar hafi verið sunginn nokk
ur lög ávarpaði Sigurður Greipsson skóla
pilta lýsti hann tilgangi sínum með þess
ari starfsaðferð er hann hafði hugsað
sér að gera, að lífsstarfi sínu. Hvatti nem
endur til að sýna dugnað og áhuga. svo
árangurinn yrði sem mestur, þó margt

vantaði til þess að skólinn væri fullkominn
enda væri hann ennþá aðeins vísir þess
sem hann óskaði að hann gæti orðið. Þá
skýrði hann nemendum frá þeim reglum sem
hann ætlaði að skólinn skyldi starfa eftir
Áttu nemendur að halda herbergjum hrein
um og leikfimishúsi, ekki máttu þeir
drekka brennivín en tóbaks bannaði hann
þeim ekki að neyta, þrátt fyrir það að hann
~~ókkar~~ óskaði þess að sem minst yrði haft
um hönd af slíku. að lokum bað hann
nemendur að leggja fram sinn skerf til
þess að skólalífið yrði sem best og fjölbreytt
ast. og að allir sem einn ynnu að því.
bað svo þann sem öllu stjórnar að styrkja
okkur alla, og fól í hans vald komandi starfs
-tíð. Á eftir var svo sungið. gengið var svo
heim og drukkið kaffi og sukkulade. Þar
næst bað hann alla piltana að klæða sig
í leikfimis föt og koma út í hús. tók
hann þá fyrsta tíman sá hann þá hvað skakk
gáfu og raðaði þeim niður eftir því
veittist mér sá heiður að vera skipaður
fyrstur, þótti mér að sumu leyti vont sem



að svo var því jeg vissi af reynslu að best er að
vera sem fremstur því á því lærir maður mest
Á eftir var svo farið í laugina voru margir piltarnir
vel syntir enda sumir þeirra kappsunds menn
best synti Tryggvi félagi okkar frá Akureyri.
Flestir voru strákar úr Borgarfirði 11 alls
margir þeirra voru harðskarpir höfðu sumir
þeirra tekið þátt í kappsundum og kappglímum
og einnig hlaupum og stökkum. Mátti segja að
þarna væru samankomnir bestu íþrótta menn
Borgfirðinga. Einn var úr Reykjavík var hann
búinn að stunda leikfimi í 8 vetur. 6 vetur
í barnaskóla og 2 vetur hjá Sigurði. Einn var
úr Dýrafirði hafði hann lært leikfimi og glímur
hjá Viggó Natanaelssyni á Þingeyrum. Norðlendingarnir
4 sem fyr eru nefndir og hinir úr Árnes og
Rangárvallasýslu. Voru þeir flestir eitthvað eftir
5 herbergi höfðum við skólapiltar til umráða
heldum við Norðlendingarnir eitt nefndum við það
Valhöll. Okkur fanst sómast að segja við vera
norri því útlendingar og ákváðum því að hafa
hóst um okkur. en bíta frá ef við yrðum
á reittir og verjast sem einn maður.
Vitanlega vissum við að okkur yrði enginn

yrði okkur sýndur. Næstu herbergi voru til
annarar handar. Kóna, þar bjuggu 8 Borgfirðingar
til hinnar handar Sódóma, þar bjuggu 3
Borgfirðingar og Reykvíkingar. Fjórða herbergið
var Síbería, þar voru saman komnir
Biskupstungna menn, Laugdælir, Holta og
hreppa menn og Eyfellingar. Íbúar Síberíu
voru 9 að tölu, enda var hún stærst herbergj-
-anna og róstusamt var þar jafnan
Fimta herbergið var Hosíló. Var það reyndar
þvotta-herbergi, en vegna þrengsla voru
þangað settir 2 piltar. Þá voru herbergi
Sigurðar skólastjóra og herbergi stúlknanna
sem voru 3 alls. Ráðskonan systir Sigurðar
miðaldra kvennmaður og tvær ungar stúlkur
báðar ættaðar frá næstu bæjum. Störf þeirra
voru að matreiða handa okkur og þjóna
höfðu þær nægilegt að starfa. Í leik
fimnis húsinu voru tvö lítil herbergi;
var annað þeirra íbúð annars kennara
Sigurðar Pálssonar frá Haukatungu
á Snæfellsnesi. Hann var guðfræðis nemi
las nú utan skóla jafn hliða því sem hann
kendi okkur. Íslensku, Dönsku, Stærðfræði



og Landafræði. Hinar námsgreinarnar kendi
Sigurður Skólastjóri, en þær voru: Heilsufræði
Íþróttasaga, Leikfimni, Sund, Glímur,
Köst, hlaup og Stökk.
Kl. sjö og hálf vorum við vaktir morgun
inn eftir skólasetninguna. Samhvæmt stunda
töflunni áttum við þá að taka Mullersæfingar, að
því loknu, voru svo bóklegir tímar fram til
12 þá leikfimi og sund, glímur og úti
íþróttir. Kenslan stóð yfir 7-8 tíma á dag
fanst mér það full erfitt.
Vikuna sem við Norðlendingarnir dvöldum
í Haukadal fyrir skólasetninguna áttum
við Tryggvi tal um það, að nauðsynlegt
væri að hafa málfunda félag starfandi
meðal námssveina og einnig að gefa út blað
Strax á fyrsta starfsdeigi bárum við þetta
í tal við nemendur, fanst þeim þetta
sjálfsagt, og til þess að koma málinu á
stað var ákveðið að halda fund strax um
kveldið. Var á fundinum kosin nefnd
til þess að gera frum varp til laga fyrir
félagið og leggja það fyrir næsta fund.
Kosningu hlutu. Sigurðar Pálsson kennari

Tryggvi og sá sem þetta ritar. Næsta laugar dag eftir héldum við svo stofnfund félagsins var þá lagafrumvarpið lagt fram og samþykt. var félagið látið heita Nemendafélag Flatdalasveina. Skyldi það halda fund á laugardagskveldi annars voru lög félagsins svipuð og lög annara félaga samstofna Kosið var í stjórn hlutu kosningu Tryggvi, Viggó Jóns. og sá sem þetta ritar. Samþykt var að láta blaðið heita Hauk skyldi hann lesinn upp á hverju sunnudagskveldi



# Við fjallsræturnar

Það var í sjöundu viku sumars. Ógilegt norðan stórhríð hafði geysað 5 daga samfleytt, drepið hverja gróðrar veru sem myndast höfðu fyrir þann tíma og lagt alt undir heljar þungt snjófarg. Nú var hríðinni létt og vermandi vorsólin hafði með fulltingi geisla sinna numið burtu nokkurn hluta fannarinnar.

Jeg var á ferð eftir brattri fjallshlíð. Ærnar voru nýsloppnar í hlíðina eftir hretið, og erindi mitt þangað var að athuga líðan þeirra. Kjarnbestu geirarnir voru orðnir auðir, og komin allgóð beit, Fullorðna féð sýndist kapakátt og litlu lömbin hlupu í smá flokkum um snjó-lausu blettina stönguðu hvort annað og frömdu allskonar leiki eins og ungviðum er títt. Við og við hlupu þau undir mæður sína og fengu sér litlaskattinn. Auðséð var á öllu látbragði þeirra að þau þektu ekki skuggahliðar lífsins. Þar eð ég var þess full viss að alt var í bestalagi, sem ég þurfti að sjá um í högunum var ég glaður í bragði. Veðurblíðan hafði lífga fjörgandi áhrif á mig og leysti úr læðingi draumkendar óska vonir. Ég stikaði stórum heimleiðis og raulaði fjörugt danslag.

ógjörlega hugsunarlaust og tilgangslaust beygði ég mig niður og sleit upp lyngkvistinn. En hvað var þetta sem ég hrökk til baka af ótta og var nærri dottinn Í kræklótta sínu kjarrinu kúrði grálit andar kolla með nefið undir öðrum vængnum Sá ég brátt að hún var dáin, og lá þó á 8 eggjum. Köldum og stirðum líkamanum breiddi sig yfir afkvæmin, eins og hún vildi verja þau þó svona væri komið. Ég var í fyrstu mjög niðurbeygður at sjón þessa, en áttaði mig skjótt og rendi grun í hvernig þetta hefði viljað til.

Vegna í hríðarumrótinu hafði hún látið önd tekið sér bólfestu, og fest afkvæmi sín fyrir hríðar garðinn. Þegar hríðar garðurinn kom og snjórinn safnaðist fyrir, hefir hún auðsjáanlega ekki gott þótt að forða sér í tíma, eða af tjáðum huga ekki viljað yfirgefa afkvæmi sín og þess vegna borið þetta úr býtum Snjórinn hafði eflaust kæft hana Mér rann til rifja ofurlítið þessarar tryggðlyndu móður hún hafði fórnað sér á altari innilegrar ástar til barna sinna. Betri og göfugri dauðdaga getur þó enginn hlotið þrátt fyrir allt. Ég gekk heim þungur í bragði. Þetta atvik breytti algjörlega



skapi mínu og hrundir fram í hugann þessum setningum sem ég hafði einusinni heyrt:

„Því skyldi maður glebast
vonin er veik
Veröld megnar fella
hina sterkustu eik."

X.

## Ekki eru allar ferðir til fjár

„Hvaða endemis læti er nú á þér drengur, hvert ætlarðu? sagði Gunna gamla í Koti með þjósti miklum við Óskar son sinn, sem nærri hafði hlaupið hana um koll í baðstofu göngunum

Ó mamma stundi drengurinn lafmóður og þarf að komast inn í eldiviðar skýlið, og þarf að ná í byssuna mína undireins, hjerna niður í dýjunum sitja 2 væna stórar andir. Það væri gaman að fá þær í súpu á morgun, eða finst þér það ekki mamma, Og lítið væri nú að því að fá kroppana svaraði móðir hans ívið mýkri í máli. Drengurinn snaraðist það bráðasta inn í skýlið eftir byssunni, sem var tvíhleypa, og læddist niður teiginn. Óskar litli var nefnilega orðin dágóð fugla skytta þó hann væri ekki nema 10 ára Hann var

mjög hneigður til veiði skapar og byrjaði ofur
lítill ungi að skjóta, þegar hann gat varla valdið
vopninu. Þegar hann var 5 ára miðaði hann
eitt sinn á hrafn sem var á sveimi kringum
bæinn. Um leið og skotið hljóp úr byssunni
slóst hún í vanga drengsins, svo hann féll
í övit, En hrafninn valt líka til jarðar
hálsbrotinn, og með mölvað höfuð. Jafnt
var það eins sem Óskari hefði hlekkst á
í veiðiferðum sínum. Óskar litli var nú í
miklum vígahug þar sem hann læddist
eins og köttur eftir gildragi niður túnið
Aldrei hafði hann komist í jafngott færi Nú báru
höfuðin alveg saman, en hvað höfuðin voru stór og
hálsinn þrýstinn. Þeir hlutu að vera ákaflega feitir
Skotið reið af. Fuglarnir sátu kyrrir. Óskar gekk
nær fullur undrunar. Þegar hann sá hvarkins
var roðnaði hann upp í hársrætur af blygðun.
Fuglar þeir er hann hafði verið að reyna skotfimi
sína á var pokarófill með nóðsalla í og poka
bjöllunni hennar móður hans, sem hvar tveggja
hafði tapast í hvassviðri. þetta tvennt var fast í
keldu og þannig lagað að það var ekkert ósvipað
fuglum tilsýndar að sjá. Hittirðu þá, spurði móðir



þegar hann kom heim. En skyttan sneri sér til
veggjar í rúmi sínu, svo varla varð séð í andlit
hans, og svaraði lágum rómi Þeir flugu burt. H.

## Skemtun!

Ungmenna fl. Hallsbreyps efndi til aðalfundar
skemtunar sinnar á Ketilás þann 22 febrúar
árið 1931 Það var engöngu boðsskemtun. Bauð
það ungmennafl. „Von,“ á samt mörgu öðru
fólki 17 felagar frá „Von“ sóttu skemtunina
sameinuðu þeir sig allir í eina fylkingu báðar
leiðir. var það því álitlegur hópur.
Skemtunin átti að byrja klukkan $7\frac{1}{2}$ en vegna
slæmrar veðráttu og annar örðugleika mun það
hafa dregist til kl. $8\frac{1}{2}$. Þá setti formaður felagsins
Valgarð Kristjánsson í Lambanesi ~~fundinn~~ skemtun
með nokkrum orðum. bað hann gesina fyrirgefa
að skemtunin yrði ekki eins fullkomin eins og
til hefði verið ætlast í fyrstu átti veðráttan á
þar alla sök. Að því loknu byrjaði ungafólkið
að dansa en nokkrir eldri menn, sem lítið höfðu
sig frammi við dansinn færðu sig út í eitt horn

veitingar stofunnar. drógu spil upp úr vösum sínum og tóku að spila. og „röbbuðu" saman um daginn og veginn. Lék ekki síður ánægju bros um andlit þeirra en dansfólksins. Samt var haldið áfram góða stund, var þá borð dúkað og margskonar brauðtertur fram reiddar og Kaffi og súkkulaði drukkið sem hver þoldi. Voru „Vonarfélagar" settir allir að einu borði voru þeir glaðir og reifir mjög. en gestum Ungmenna félaga var veitt við annað borð og nokkrum ungmennafélögum eftir því sem pláss leyfði.
Sté þá Sigurjón frá Minnagrindli í ræðustól og flutti erindi um dulræn efni, tókst honum vel og til stuðnings máli sínu að samband væri fengið við framliðna menn las hann upp nokkur kvæði sem Theódóra Þórðardóttir hefir skrifað ósjálfrátt ei alls fyrir löngu voru þau kvæði eftir merka höfunda svo sem Hallgrím Pétursson. Hannes Hafstein, Stefan G. Þorstein Erlings.
Næst Sigurjóni sté í stólinn Jón Arngrímsson á Lambanesreykjum, breytti hann um stefnu frá erindi Sigurjóns, las hann upp sögu sem fjallaði mest um jarðneskar verur, hét sagan Jólagjöfin hans Daníels. Má óhætt fullyrða



að það er einhver sú albesta og tilvaldasta saga sem hægt er að fá til upplestrar á skemtun. Segir hún frá Daníel nokkrum fjósakarli, einhverjum hinum einkennilegasta manni sem sögur fara af. sem á sínum elli árum langar til að fara að ná sér í konu, duttlar sig því upp og fer til Moniku Ísaksdóttur á Tröllaeyrum. í bónorðsför. hugur hans og fleiri sveitunga hafði hvarflað til hennar í 20 ár. en þar hafði enginn þorað heim í þeim erindum fyr. Það þýddi ekki fyrir aðra en menn af æðri stéttum. en farandspáin hafði logið því þannig að hún væri ólofuð þó presturinn segði hana búna að lifa í 45 ár. Væri hún sjálf spurð að aldri sínum sagðist hún halla af þrítugu. Daníel valdi því aðfangadags kvöldið til þessarar farar, enda fékk hann þá jólagjöf sem hann hafði ætlast til. Þó sagan tæki minstakosti 1 klukkutíma, sást ekki þreyta eða leiðindi á neinum undir þeim lestri.
Þegar lokið var að klappa fyrir Jóni og sögunni fór dansfólkið að liðka fæturnar, og taka úr sér hrollinn og dansaði í langan tíma og þá sem undir höfðu orðið í spilunum langaði til að rétta hluta sinn. Slógu nú nokkrir hring utan

um

son um tóma tunnu og höfðu hana fyrir spila
ært í einu horni danssalsins, en aðrir spiluðu í
hinu gamla horni, gekk þannig langa stund
að báði var spilað og dansað uns Valgarð kallaði
Vonarfélaga til kaffi drykkju í annað sinn
þeir voru alltaf látnir ganga fyrir öðrum gestum
en nú var ekki drukkið nema við eitt borð
sem rúmaði ekki nema 18 manns, svo það
voru nokkurskonar vöktuskifti; því dansinum
var haldið óslitið áfram. uns allir höfðu drukkið.
Þá sté þá Pétur Jóhannsson í ræðustólinn og las
upp gamankvæði, voru þau vel valin til upplestr
enda hlógu tilheyrendurnir af lífi og sál og tóku
aldrei af augun af honum, því enginn mátti
missa af nokkru orði eða minstu hreyfingu
Þegar hann ste niður úr stólnum. kvað við
dynjandi lófaklapp um allt húsið. Næst Pétri
talaði form. U.m.F. Von Páll Sigurðsson í Lundi
þakkaði hann með nokkrum velvöldum orðum
fyrir hönd sinna félaga þær veitingar og þá
skemtun sem þeim hafði verið veitt með
þessu boði og óskaði U.m.F. Holtkh. gæfu og gen
komandi tíð. Nú var tekið til hinna fyrri starfa spilað og
dansað var þá litið mjög á nótt enda hafði það



slæðst inn í meðvitund manna að þetta væri
loka þátturinn í skemtuninni. Já það er óhætt
að segja að þá skemti hver sér eins og best hann
gat uns að dagsbirtan yfirgnæfði lampaljósið
og þau mynduðu að eins hring í kringum sig
Var þá pontunni alt í einu hrundið fram
var það Valgarð sem sté í stólinn til þess að
slíta samkomunni með afar lipilli ræðu
þakkaði hann Vonarfélögum fyrir þann áhuga
sem þeir hefðu sýnt með því að sækja þetta
mót og þann áhuga sem þeir hefðu fyrir sam
starfi félaganna. Að því loknu fór hver að
búa sig í flýti til heim ferðar, vafa laust með
hlýjar endurminningar í huga frá þessari nætur
stund —

Gunnlaugur Jónsson

# Fjólan

Rúna litla á Bergi var munaðar-laus krakki, en hún kom sér svo vel, að það var eins og enginn vissi að hún væri á sveitinni. Aldrei var hvíslað um það manna á milli og síst af öllu slett í hana sjálfa eins og oft vill verða með mannesbjur undir líkum kringum stæðum. Sál hennar var hrein og enginn blettur virtist geta fest þar rætur. Glaðlyndi hennar og öll breytni gagnvart mönnum og skepnum var svo kærleiksríkt að hún verskuldaði aðdáun. Auk manna og dýra nutu umhyggju Rúnu litlu blómin og jurtirnar út í haganum það var hennar góður vani að ferðast um tún og engjar um heiðskýrt sumar kvöld. Gekk hún þá milli fífla og sóleyja hagræddi þeim eftir föngum og hvíslaði huggunar orðum að þeim er kvíðu kulda næturinnar. Hún sagði þeim að á eftir nóttu kæmi dagurinn. mundu þá ylríkir geislar ársólarinnar verma krónur þeirra og þerra burt tárin af kvarmum þeirra.

Eitt blóm var henni þó allra kærast það var fjóla sem átti sér bólfestu sumarið bakarinn



í bæjar gilinu. hún dvaldi þarna ein síns liðs milli tveggja steina, neðanundir litlu kletta belti. Þar sat Rúna litla löngum og hlúði að litla blóminu sínu. Hún kendi í brjósti um það einangrað þarna við klettinn og vissi að það þurfti aðhlynningar við í fylsta mæli.

Henni datt oft í hug að taka fjóluna alveg burtu og flytja hana eitthvað til í frjósamari jarðveg en óttinn fyrir því að hún ef til vill dæi á leiðangri þessum varnaði henni þess. Til frekari varðveislu var hún búinn að mynda nokkurskonar varnar garð úr smá steinum sem hún hlóð umhverfis jurtina sína. Átti girðing þessi að vernda hana fyrir áhrifum utan að og innan í skóli þessu lifði svo fjólan og teygði úr legg og blöðum. Einn morgun varð Rúnu litlu reikað út í gilið að vanda, um nóttina hafði fallið hrím sem ótvírætt boðaði komu hins kalda vetrar, þrátt fyrir grjót garðinn var fjólan óvenjulega döpur á svipinn og lá komin þess næstum á hliðinni. Litla stúlkan varð mjög hnuggin, en fékk þó óljóst hugboð um það er í vöndum var. hún lagði ástvininn sinn vandlega til jarðar huldi hana vel með mosa

177

og fór svo heimleiðis haustbréfin áttu þó ekki að granda henni. Um veturinn varð Rúnu litlu oft hugsað til blómsins síns sem hvíldi undir helgaddi skamdegisvedranna, en hún huggaði sig ávalt við þá tilhugsun að með vorinu mundi hún lifna á ný og í klæðast nýju sumarsbrúði —

~~K.~~ S.
Kr. S——son

5


| | | |
|---|---|---|
| s. 9. árg. Efnis-yfir-lit — | 1929. | |
| . Hugleiðing — | | Ritstjóri |
| . Hornstein landbúnaðarins. | | Páll. Sigurðs |
| 3. Er svefnin ósiður? | | Steinn Jóns |
| . Skrítlur. | | — — — |
| . Ritað upp eftir minni. | | Ritstjóri |
| . Annál Holtshrepps. 1929. | | ó. H. |
| . Tíðavísur, 1929. | | H H |
| . Áheit — | | Jóhann G. |
| . Ávarp Mána. | | P. S. |
| . Stökur | | P. |
| . Stærðsta málið — | | H. |
| . Formanna vísur, | | — — |
| . Amma gamla segir frá. | | — — |
| 7. Úr borg og bæ —, — | | — |
| . Skrítlur. — —, — — | | |
| 9. Froski — kvignum. | | Páll. S. |
| 1. Ferðapistlar — — | Framhald. — | |
| 3. Fyrsta langferðin | | Páll. S. |
| 8. Skrítla. — | | — x — |
| 9 Ferðapistlar — | framhald. | |
| 5. Móðurmálið | | Páll. S. |
| . Þankar | | Páll. S. |
| . 10 árgangur. 1930. | | |
| 5. Ávarp Mána. | | |
| . Ferðapistlar — | framhald. | |
| 4 Smá sögur. | | |

| Bls. | Efnis-yfir-lit | 10 árg. Mána |
|---|---|---|
| 7 | Brautir | Páll. S. |
| 8. | Staka | H H |
| 1 | Skrítlur | x |
| [illegible] | Hvað er Hugsjón. | Páll. S. |
| | Lítil saga um lítinn fugl. | Gunnl. Jóns[illegible] |
| 10. | Ferðapistlar ~~Aðsent.~~ Framh. | Páll. S. |
| 18. | Heiðlóan. | Steinn Jónss[illegible] |
| 11 | Reikið ekki. | Stein Jónsso[illegible] |
| 13 | Skemtanir | Gunnl. Jónsson |
| 16. | Staka | H.H. |
| 17 | Við pökkum | Páll. S. |
| 18 | Máni kátur. staka. | P. |
| 19 | Brefkafli úr Fljótum árið 1945. | H.H. |
| 24 | 2 Gátur. | |
| 26. | Aðal. skemtun u. m. f. Von 1931 | Kristján. S. |
| 31 | Skólalífið í haukadal. framhald af ~~[illegible]~~ bls. 100 | |
| 37. | Brot fyrir 20 árum. | H H |
| 40 | Þankar. | H.H. |
| 44 | Sveitin mín (kvæði) | H. H. |
| 45 | Hvað er framundan. | H. H. |
| 49 | Ferða-saga. | Steinn Jóns[illegible] |
| 55. | Þanka-strik. | Páll. S. |
| 60. | Skólalífið í Haukadal. | |
| 66 | Við fjalsræturnar. x | |
| 68 | Ekki eru allar ferðir til fjár. x | |
| 70 | Skemtun. Gunnl. Jónsson. | |
| 75 | Fílan Kristján Sigurðsson | Lundi |